

“Hæ aftur, afsakaðu innilega sein svör líka hérna megin. Ég tók saman stöðuna hjá okkur og hún er hérna í smá pistli fyrir þig til upplýsinga. Þú mættir endilega hafa samband við mig í síma 659-3887 sem fyrst og ræða næstu skref.

Í ljósi þeirra óheppilegu aðstæðna og þeirrar óvissu sem blasir við íbúum Ísafjarðarbæjar í líkamsræktarmálum næstu mánuði lýsir Ísófit ehf yfir áhuga á að reka líkamsræktar og CrossFit aðstöðu á Ísafirði.

Lýðheilsa er brýnt samfélagsmál og ætti að vera í forgangi þegar kemur að þjónustu við íbúa sveitarfélagsins. Alhliða líkamsrækt og þjónusta sem henni fylgir er mikilvægur partur af bæjarfélögum eins og Ísafirði, þar sem íþróttaiðkun er mikil og í ljósi þess að sveitarfélagið er „heilsueflandi samfélag“.

Framtíðarsýn Ísófit ehf er sú að vilji er fyrir því að reka alhliða líkasmræktar og heilsumiðstöð fyrir bæjarbúa og að einn daginn verði í sama húsnæði sjúkraþjálfunaraðstaða, viðræður um þau mál standa yfir og munu skýrast samhliða húsnæðismálum Ísófit ehf. Það er vilji beggja rekstraraðila að komu starfsemi beggja undir sama þak.

Ísófit ehf stendur nú í viðræðum við Gísla Jón Hjaltason um að leigja tímabundið af honum húsnæði að Sindragötu 11, þar sem við myndum koma upp líkamsræktar og CrossFit aðstöðu. Þessi tímabundna leiga er áætluð í 18-24 mánaði, eða þar til við finndum okkar framtíðarhúsnæði. Við höfum átt samræður við meirihluta bæjarstjórnar um að framtíðarhúsnæði undir líkamsrækt, CrossFit og sjúkraþjálfun væri slökkvistöð Ísafjarðar í Fjarðarstræti.

Í húsnæðinu að Sindragötu 11 þyrfti að ráðast í framkvæmdir til að hefja þar starfsemi og væri aðkoma bæjarins þar óumflýjanleg. Ísófit ehf mun einnig óska eftir þeim tækjum sem tilheyra Studio Dan ehf sem styrk inn í nýja og betri aðstöðu til heilsueflingar á Ísafirði.

Framkvæmdir við húsnæði í Sindragötu 11 gætu hafist fljótlega og ákjósanlegt væri að þar væri hægt að opna í sumar í ljósi þess að Studi Dan hættir rekstri í lok sumars.

Við óskum því eftir samstarfi og samráði við Ísafjarðarbæ um framhaldið.

Bestu kveðjur,

Eigendur Ísófit ehf

Andrea Gylfadóttir

Heba Dís Þrastardóttir

Ingibjörg Elín Magnúsdóttir

28.apríl 2020




Ísófit ehf – Nýbygging með framtíðarsýn

Heilsueflandi samfélag

Ísófit ehf. kt. 571018-0200, var stofnað í lok árs 2018 utan um CrossFit líkamsrækt af þremur ungu stúlkum með það að markmiði að bjóða upp á nýja og fjölbreyttari tegund af hreyfingu fyrir bæjarbúa. Var aðsóknin framar björtstu vonum og eru virkir iðkendur í dag um 130 manns, en á bilinu 400-450 manns hafa sótt grunnnámskeið sem þarf að ljúka til að stunda CrossFit. Fyrirtækið hefur einnig verið að bjóða upp á margskonar námskeið fyrir bæjarbúa tengt hreyfinu, matarræði og vellíðan.

Fyrirtækið stendur hins vegar á tímamótum núna og vill sækja fram og stækka við sig og efla aðstöðu fyrir líkamsrækt og almenna hreyfingu í bæjarfélagini, með öðrum orðum er stefnan sett á að fyrirtækið hefja einnig rekstur á almennri líkamsrækt og byggi sér aðstöðu sem kalla mætti heilsumiðstöð Ísafjarðar. Þar gætu hagsmunaraðilar íþróttahreyfingarinnar verið með sinn rekstur undir sama húsi, eins og t.d. Sjúkrabjálfun Vestfjarða og skrifstofa HSV. Í húsnæðinu verður einnig hægt að vera með fundarherbergi fyrir aðildarfélög HSV og fyrirlestrasali fyrir íþróttafélög og almenning.

Fyrirtækið hefur augastað á lóð við Neðstufjöru 1 við Suðurtanga en þar er samkvæmt deiliskipulagi 1077,7m² lóð með nýtingarhlutfall 0,75 og því leyfileg stærð byggingar 808,3m². Er verið að bíða eftir lokaverði í stálgrindarhús en búast má við að heildarkostnaður húsnæðis sé um 90 milljónir króna. Aðrar staðsetningar koma einnig til greina ef svo kemur til tals.



Mynd 1. Neðstafjara 1

Kostnaðaráætlun byggingar	
Gatnagerðagjöld	8.000.000
Teikningar og hönnun	4.000.000
Steypa plötu	15.000.000
Hús + reisa	44.000.000
Innri frágangur	20.000.000
Samtals	91.000.000

Mynd 2. Kostnaðaráætlun byggingar



Búnaður

Eins og fyrr segir, þá er stefnt að búa til almennilega heilsumiðstöð hér á Ísafirði og því þarf nægur búnaður að vera til staðar til hægt verði að sinna eftirspurn iðkenda. Ísafjarðarbær á í dag góð tæki sem fyrirtækið gæti vel nýtt og því um einungis að ræða kaup á rafknúnum tækjum eins og hlaupabrettum. Ísófit hefur verið að skoða þann búnað sem er hvað vinsælastur í samskonar líkamsræktarstöðvum og er hann eftifarandi ásamt fjölda tækja:

Tegund búnaðar	Fjöldi	Verð	Samtals
Air runner	8	599.000	4.792.000
Hlaupabretti	9	1.000.000	9.000.000
Bike erg	10	189.990	1.899.900
Stigavél	1	1.250.000	1.250.000
Samtals búnaðarkaup			16.941.900

Mynd . Áætluð búnaðarkaup

Fjölbreytt hreyfing

Á bak við Ísófit ehf. eru metnaðarfullir einstaklingar sem vilja efla lýðheilsu bæjarbúa og bjóða þeim upp á fjölbreytta hreyfingu. Hafa þau fengið góða þjálfara í lið með sér og er nú innan þjálfarahópsins einstaklingar sem hafa og eru að mennta sig á þessu svíði. Eru eigendur fyrirtækisins að vinna í framsetningu á fjölbreyttari tínum til að bjóða bæjarbúum. Má þar nefna tíma eins og:

- Barna- krakka- og ungingapjálfun:** Styrktar- liðleika og úthaldspjálfun fyrir börn á grunnskólastigi.
- Þjálfun fyrir ófrískar og nýbakaðar mæður:** Hér er verið að stefna að sérhæfðri þjálfun fyrir mæður á og eftir meðgöngu.
- Heldra hreysti:** Styrktar- jafnvægis og úthaldspjálfun fyrir heldri einstaklinga

Aðrir tímar sem einnig er stefnt að eru t.d. olympískar lyftingar, þrek- hreysti-styrkur, næringarþjálfun, liðleiki og fimleikar. Þetta er ekki tæmandi listi en þessi tímar hafa nú þegar verið að einhverju leyti og hefur það gengið mjög vel.

Samtstarf við íþróttafelagið Vestra og HSV hvað varðar Sali, þjálfun og aðstöðu. Vestri og HSV hafa nú þegar nýtt sér núverandi aðstöðu ÍsóFit ehf til þjálfunar á sínum hópum og hefur það gengið vel.

Aðkoma bæjaryfirvalda

Til að svona framkvæmd og uppbygging geti orðið að veruleika, er ekki hjá því komist að ekki fáist stuðningur frá bæjaryfirvöldum. Fyrirtækið hefur nú sett upp kostnaðar- og rekstraráætlun sem og áætlun um framkvæmdir og búnaðarkaup. Í kostnaðar- og rekstraráætluninni er sett upp hugsanleg tekju og rekstrarmódel fyrirtækisins. Í henni er búið að áætla hver sala korta gæti verið og hvernig rekstarmódelið getur litið út með aðkomu bæjaryfirvalda að rekstrinum.

Ísófit óskar eftifarandi stuðningi frá bæjaryfirvöldum:



- 1) Niðurfelling gatnagerðagjalfa og undirbúningur fyrir framkvæmd
- 2) Ísófit ehf. fái líkamsræktarbúnaður í eigu Ísafjarðarbæjar til afnota í starfsemi sinni.
- 3) Ísafjarðarbær kaupir fasta tíma á mánuði að upphæð 500 þús. kr. undir barna- og unglingsastarf, tíma fyrir aðildafélög HSV og heldri borgara
- 4) Bærinn setur upp samskonar aðgangskerfi og er nú þegar í notkun í íþróttamannvirkjum Ísafjarðarbæjar. Núverandi tæki í eigu Ísafjarðarbæjar fær Ísófit inn í reksturinn.
- 5) Ísafjarðarbær fjárfestir í þeim tækjum og búnaði sem þarf að kaupa sem Ísófir greiðir til baka með föstum greiðslum mánaðarlega, upphæð þeirrar greiðslu þyrfti að semja um síðar.

Stefnum í átt að enn betra heilsueflandi samfélagi

Með þessu erindi er Ísófit ehf. að vonast til þess að við getum haldið áfram að efla okkar frábæra samfélag hér fyrir vestan. Við erum heilsueflandi bæjarfélug og er það því til mikilla bóta að geta boðið upp á faglega og góða heilsurækt fyrir alla aldurshópa.

Með von um góðar undirtektir og samstarf,

Eigendur Ísófit ehf.,

Andrea Gylfadóttir

Heba Dís Þrástardóttir

Ingibjörg Elín Magnúsdóttir



Góðan dag

Fyrirtækið ÍsóFit ehf kt 571018-0200 óskar eftir að taka við keflinu í rekstri líkamsræktarstöðvar á Ísafirði og veita með því bæjarbúum þá mikilvægu þjónustu sem heilsueflandi bæjarfélag ætti svo sannarlega að bjóða upp á. Íbúar Ísafjarðarbæjar hafa ríka þörf fyrir góða aðstöðu til alhliða heilsueflingar innan bæjarfélagsins.

Áform ÍsóFit eru að standsetja heilsumiðstöð sem sameinar iðkun hefðbundinnar líkamsræktar með tækjasal og sal fyrir hópatíma ásamt rekstri CrossFit stöðvarinnar CrossFit Ísafjarðar.

Áætlun ÍsóFit í dag gerir ráð fyrir að heilsumiðstöð þessari verði fundið heimili til tveggja til þriggja ára til að byrja með. Viðræður standa nú yfir um leigu á húsnæði að Sindragötu. Heilsumiðstöðinni yrði loks fundið framtíðarhúsnæði, slökkvistöðin við Fjarðarstræti hefur komið upp í þeim umræðum þar sem vonir standa til um að starfsemi hennar flytjist í annað og hentugara húsnæði á næstkomandi árum.

Viðræður hafa átt sér stað við sjúkraþjálfara sem starfa á Ísafirði um að sameinast mögulega umræddri heilsumiðstöð þegar hún kemst í framtíðarhúsnæði.

ÍsóFit ehf óskar eftir að búnaður úr Studio Dan verði hluti af rekstrinum.

ÍsóFit óskar eftir aðkomu Ísafjarðarbæjar hvað varðar húsnæðismál og rekstur téðar heilsumiðstöðvar þar sem þetta er mikið hagsmunamál fyrir bæjarbúa. CrossFit Ísafjörður þjónustar nú þegar hópa á vegum Vestra og HSV og hafa boðið upp á námskeið fyrir eldri borgara og unglings. Hugmyndir og áætlanir eru um að bjóða aukna þjónustu til barna, unglings, eldri borgara og foreldra í fæðingarorlofi.

ÍsóFit ehf vill geta boðið bæjarbúum fyrirmynnar aðstöðu til heilsueflingar og til þess að það sé mögulegt þurfa bæjaryfirvöld að koma að rekstrinum með einum eða öðrum hætti eins og að rekstri annarrar heilsu og íþróttatengdrar þjónustu líkt og skíðasvæðum eða sundlaugum.

Með von um farsælt og gott samstarf
Eigendur ÍsóFit ehf

Andrea Gylfadóttir
Heba Dís Þrástardóttir
Ingibjörg Elín Magnúsdóttir





Heilsumiðstöð

Samlagsfélag um heilsur



- Bæta aðstoðu til heilsureæktar á svæðinu
- Kjarnaaðilrar stofna samlagsfélag sem yrði eigaði takjakosts Studio Dan ehf og leigutaki húsnæðis
 - Kjarnaaðilrar:
 - Sjúkrapjálfun Vestfjarða ehf
 - Prúðheimrar ehf
 - Isófit ehf
 - Aðrir mögulegir aðilrar:
 - Aðildarfélag HSV þar sem snerpa, styrkur og markvisi bjalfun nýttist notendum
 - Björgunarsveitir, slókkvilið, sjúkrafutningamein og lögregla
 - Yoga kennarar, markþjálfarar, næringaráfræðingar og undarar


Grunnhygmyndin

Mögulegt rekstra

Húsnaði



Héraðssamband
Vestfjarða



Samlagsfélag

Leigutaki og rekstraraðili sameignar




Ísófit ehf



Sjúkraþjálfun
Vestfjarða


Hugmynd að heildarskipulagi

- Motteka
- Tevgjusvæði
- Búningssherbergi
- Timasállir
- Crossfit / Alþyðumetrics
- Tækja - og lyftingarsalur
- Sjúkrapjallun Vestfjarða



Þreksvæði

- Útsýni með sólarupprás
- Hlaupabretti
- Hjól
- Róðravélar
- Skíðavélar
- SkiErg
- Assault bike
- Stigavélar



Hóptímasalir

• Námskeið


• Útileiga

• Fjölbreytni



Hóptímasalir

- Minni/yngri íþróttalið með æfingar
- Hópefli fyrir vinnustaði & vinahópa
- Hot/infrared tímar
- Lífsstílsnámskeið
- Jiu jitsu & Glíma
- Spinning
- Yoga
- Zumba
- Dans



- 
- Stort stórk frammávið fyrir líþrottafélögini
 - Gestanámskeið og fyrirlestrar
 - Minni kappnismot

Crossfit / Plyometrics salur

Crossfit / Plyometrics salur

- Crossfit
- Æfingar með heilu liði
- Kraftúthaldsmælingar
- Sprengikraftsæfingar
- Gestanámskeið
- Kraftþjálfun
- Skólahreysti
- Boot camp



Tækja- og lyftingarsalur


- Almennt styrtarþjálfun

- Markviss styrtarþjálfun ólikra hópa

- Tækja og lyftingarsalur í einu rymni



- Markviss styrktarþjálfun ólíkra hópa
 - Almenn heilsurækt á þínum hraða
 - Eldri borgarar
 - Yngstu kynslóðirnar
 - Ungir sem aldnir íþróttaiðkendur
 - Sjúkraþjálfun
 - Áframhaldandi endurhæfing
 - Íþróttafélög
 - Fyrirbygging meiðsla
 - Stökkkraftur, snerpa og hraði
- Eitt rými
 - Betri yfirsýn
 - Stærri hópar
 - Hreyfihamlaðir fá betri aðgang



(sjá kynningu á klifri betur í kynningu frá verðandi klifurfelagi Vestra)


- **Göð og holl** hreyfing sem stuðlar að bætri löghelstu samhæfing huga og líkama
- **Aukið** styrkur, liðleiki, úthald, jafnvægi og vinnumáttahópefni og freira
- **Klifurhús** eru vinsæl fyrir barnafmæli,

Innhússklifurðastaða

- Fjölskyldusport, einstaklingsíþrótt & hópíþrótt
- Gerir svæðið enn meira aðlaðandi í augum útvistarfólks
- Nýtist björgunarsveitunum til æfinga
- Klifur er vinsæl íþrótt og vaxandi
 - Orðin ólympíuíþrótt



RÁFIPIROTTLIR ÚR EKKI
NYJAR AF NALINN




Ávinnингur

- Ísafjörður
- Merkjadalur
- Íþróttabjálfari
- Samgöngur
- Viðsvirkjun
- Rekstofnun

Avininguur Isafjörðarbæjar

- Bezt þjónusta við líðua sveðisins
- Stórbætur aðstöðu íþróttafélagana
- Markvisss Þjálfun við kjarrostæður fyrir lögreglu, slókvvilðis og sjúkratutningamenn
- Tryggir aðgeng fléiri rekstrarðila og notenda að tækjakosti til líkamsrékkar sem nú eru í eigu bæjarins.
- Tækifær til að bjóða uppa fyrirbyggjandi heilsueflingu fyrir folk 65 ára og eldri
- —sbr. verkefnið í Reykjavínesbæ „Fjölbætt heilsurækt í Reykjavínesbæ – Heilsuefling fyrir eldri aldurshópa 65+“
- Nær líka til jáðarþrofta eins og klifur og glimu
- Eykur að fjölbreytni til afþreyningarár fyrir bönn og ungmenni
- Moguleiki að setja upp tilraunastarf fyrir rafþróttir.
- Með bætri aðstöðu fjölgar notendum sem skilar sér í markmiðum sínum sem Heilsueflandi samfélag bætti lyðheilisú og stuðlar að því að svitartafelagið nái



Ávinnингur Mennta og grunnskóla

- Í uppsetningu á afreksíþróttasviði MÍ er lögð mikil áhersla á:
 - æfingu undir leiðsögn þjálfara í hverri íþróttargrein
 - styrktarþjálfun undir handleiðslu sjúkraþjálfara
- Nemendum gefst kostur að sækja styrktarþjálfun hjá Sj.Vest bættu umhverfi, fjölbreyttari aðstöðu, meira úrval af þrek- d styrktartækjum með samnýtingu tækja og áhalda
- Nemendur fá afnot af íþróttta- og æfingabúnaði sem þau haf vanist á æfingum, utan opnunartíma skóla og íþróttafélaga
- Hægt að bjóða uppá markvissa þjálfun fyrir börn á grunnskólaaldri til undirbúnings fyrir Skólahreysti og undirbúa þau betur fyrir hverja keppni og jafnvel hægt að viðhalda árangri fyrir næstu keppni á eftir.

- 
- Með fastri og bettri aðstoðu gefst leiðbeinendum/bjálfurum
 - Færir að hafa betri yfirsýn yfir þjálfun til lengri tíma
 - Arstiðarþundnar íþróttir fá tekkifæri til að hafa „alvörur“
 - Undirbúningstímabil
 - Undirstaða góðs keppnistímaþils er markviss undirbúningþjálfun
 - Nauðsynlegt að halda aðgengi fyrir íþróttafólk einföldu
 - Minnka þroskulaða svo að það haldirst við effingar allt að um kring
 - Íþróttalíð getta undirbúið síg saman í góðu rymni

Ávinningur íþróttahreyfingarárinnar og þjálfara

Samfélagslegur ávinnningur

þverfaglegt samstarf líkamsræktaraðila og sjúkraþjálfara

- Sjúkraþjálfarar geta unnið nánar með einkajálfurum að eftirfylgni fyrir þá sem þurfa stuðning

Hreyfiseðlar í samstarfi við HVEST

- Ávísun heilsugæslulækna á hreyfingu í stað lyfja hefur reynst vel á höfuðborgarsvæðinu
 - Hentar vel ef ástand kallar ekki á sjúkraþjálfun og hefur gríðarlegt forvarnargildi

Aukinn stuðningur við afreksfólk í íþróttum

- Styrktarþjálfun á markvissari hátt við kjöraðstæður fyrir ungmenni og afreksfólk sem lækkar tíðni meiðsla og lágmarkar brottfall.

Samstarfssamningur við VIRK

- Stuðlar að aukinni samfélagsvirkni skjólstæðinga



- (styrktar dagur í þágu einstaklinga sem gílmá við erfiðileika t.d. vegna alvaralegra veikinda eða slys
- Gott dæmi er verkefnið **Gerum Gagn** hér á Ísafjörðum
 - Stókkspállur fyrir hvers kyns samfélagslég verkefni
bættri heilisu íbúa svitrafelagsins
 - Meiri samfélagslég virkni og aukin atvinnubátaka með
Nægt rými fyrir hjólastöla
 - Beett aðgengi fatlaðra
síg saman styrkir felagslég samskipti
 - Aðstaða verður aðgengiliðegri og þáð að metta og hreyfa
Hentar vel fyrir heilisueflingu eldri borgara
 - Bátaka íbúa í hreyfingu eykst
Eykur fjölbreytni afþreyningar
til heilisuræktaðar
 - Nutimafolk og fyliskyldur gera krofur um góða aðstoðu

Spornar við folksfækkun

Ávinnингur viðskiptavina

- Virðisá umhverfis
- Fjölbreytingar í umhverfisum
- Bættir og óbættir
- Sturtir og ósturtir
- Bæjarstyttingar
- Þéttir og eyðileggingar
- "Aftermath" - sama ógagnaðar tómsíða
- Möguleikar og æfingar

Avininguur rekstrarðila

- Rekstrarðili er fórsenda fyrir þjónustu í einkarekstri framleiningu.
- Samþyting tekkjakosts opnar fyrir aukin gæði bunaðar.
- Fostum kostnadi við starfsmann í mottoku, sólu á þjónustu, vettинга/varnings, geymslurymi og þrit er deilt.
- Teckifæri til að broast, vaxa og þjóða sinnum viðskiptavinum aðstoðu sem skyllir frá vedi.
- Samvinda fagadila gefur möguleika á framþroun sem annars væri ólikleg.
- Með fjölbreytti þjónustu eykst viðskiptatryggi
- Beztar fórsendur fyrir fagmennsku og teckifæri til að uppfylla staðla og reglugerðir sem í gjildi eru fyrir rekstur af hingað til hafa ekki fundið farveg í heilsurækt.
- Teckifæri til að ná til breiðari hóps líða á sveðinu sem með markvissari hetti
- Sjúkrabjálfarar geta sinnit eftirfylgi skjólistæðinga sinni



GRÓF

REKSTRARÁÆTLUN

Standsetningarkostnaður

Votrými Epoxy

Gólf í skiptirými Epoxy

Pípulagningavinnna og efni - sturtuklefar

Steinsögun per m.

Léttir veggir 3-3.5 m hæð

baðherb.veggir 2.8 m hæð

Hljóðeinangraðir veggir 2.8 m hæð

Hljóðeinangraðir veggir 4 m hæð

Gólfefni (vinyl "parkett")

Handrið

Samtals:

Kostnaðarliður

Leiga

Hiti & Rafmagn

Sameign

Aðföng

Athugið! Kostn
samkvæmt öllu
30 Maí 2020

Tekjur

Styrkur frá Ísafjarðarbæ

Leigugreiðslur frá aðildarfélögum

Aðrar leigutekjur

Total per mánuð

Framtíðars

- Setja *Ísafjörð* í fyrsta flókk þeigar kemur áð heilis
landinu
- Véita framtíðarskárandi og faglega þjónustu
- Hafa hæft, reynsluríkt, metnadrarfullt og ánægt s
- Stóðugur rekstur í samstarfi við þejarfyrvöld
- Vinna ötullega áð samstarfi við atvinnumálf, heilibr
- Skapa hvetjandi umhverfi til heilisurækta
- Vera vinnumálastóur sem gött er áð vinna á
- Vera með virka umhverfisstefnu
- Skapa lifandi einingu í sifeldri þroun með heilisu
áð leiðarljósi.

Ávinningsurinn er ó



Samlagsfélög um he

Heilsumistöð



Varðand innanhússklifuraðstöðu á Ísafirði

Í bænum er þó nokkrir klifrarar sem mynda áhugahóp um klifuraðstöðu á Ísafirði. Hefur hann í hyggju að kynna íþróttina og gera ungum sem öldnum kleift að stunda hana árið um kring. Til þess að það megi verða þyrti að koma upp innanhússklifuraðstöðu. Staðreyndin er sú að innanhússklifur (og utanhússklifur í framhaldi) er orðið gríðarlega vinsælt og aðstaða til þess að stunda klifur innanhúss er að spretta upp út um allt land. Fyrir utan þá klifuraðstöðu sem er á höfuðborgarsvæðinu, eru staðir eins og Grundarfjörður, Dalvík, Akranes, Öræfi svo nokkur dæmi dæmi séu nefnd, búnir að koma sér upp svona aðstöðu.

Afhverju klifur og innanhússklifuraðstaða?

Það eru nokkur atriði sem hægt er að nefna sem klára kosti við klifuríþróttina og að bjóða upp á góða innanhússklifuraðstöðu:

- Klifur er vinsæl íþrótt sem er að verða enn vinsælli. Er þegar orðin ólympíuíþrótt.
- Fjölskyldusport.
- Góð og holl hreyfing sem stuðlar að bættri lýðheilsu.
- Aukinn styrkur, liðleiki, úthald, jafnvægi og samhæfing huga og líkama.
- Einstaklingsíþrótt (vs. hópaíþróttir) sem er eittvað sem vantar sárlega.
- Setur Vestfirði á stall með öðrum framsæknum svæðum sem hafa séð ljósið þegar kemur að þessum málum.
- Tiltölulega ódýr aðstaða sem þarf miðað við margar aðrar íþróttir.
- Gerir svæðið enn meira aðlaðandi í augum útvistarfólks.
- Klifurhús eru vinsæl fyrir barnaafmæli, vinnustaðahópefli og fleira (þetta fer auðvitað eftir því hvar aðstaðan er sett upp).

Samnýting með öðru

Klifurveggur á sama stað og önnur líkamsrækt gefur möguleika á góðri samnýtingu. Klifrið felur í sér mikla alhliða hreyfingu. Þeir sem það stunda auka mikið liðleika, styrk, jafnvægi og úthald. Að auki hefur klifrið góð áhrif á samhæfingu huga og líkama. Fyrir utan að vera holtt og gott fyrir alla á ýmsan hátt hefur klifrið einnig reynst vel fyrir þá sem eru í

líkamlegri endurhæfingu af einhverju tagi því hægt er að stjórna álagi mjög vel þar sem erfiðleikar klifurleiða er misjafn og þeim fylgja mismiklar teygjur og átök. Það fer því einkar vel með sjúkrabjálfun til að mynda.

Þeir sem stunda aðrar íþróttir að staðaldri sækja mikið í klifrið þar sem það býður upp á æfingu sem fæst ekki auðveldlega á annan hátt. Það má því segja að klifrið skarist á við og vinni með fjölmörgu öðru og geti þrifist í góðu samlyndi með annars konar íþróttum og endurhæfingarárræðum.

Hugmyndavinnan farin af stað

Hugmyndavinna varðandi þetta er þegar farin vel af stað. Hluti af henni er að koma hér með tillögu að því hvernig klifuraðstaða geti verið tvinnuð saman með öðru, með líkamsræktaraðstöðu, sjúkrabjálfun og/ eða CrossFit.

Það má geta þess að í áhugahópnum sem er að láta sig klifuraðstöðu varða eru margir af þeim sömu og hafa byggt upp fjallahjólaleiðirnar hér í kringum Ísafjörð. Þeirra vinnusemi og áhugi talar sínu máli. Að auki er innaborðs nýlega aðflutt fólk sem hyggst vera hér áfram, er vant því að hafa klifuraðstöðu við hendina og vill því augljóslega vinna að framgangi þessara mála hér.


Hvernig gæti þetta litið út?

Ef smellt er á hlekkinn hér að neðan má sjá hugmynd að klifurvegg. Í módelinu er notast við stóra salinn á efri hæðinni að Sindragötu 11, hús sem hefur einmitt verið á borðinu sem hugsanlega það sem líkamsræktin, sjúkrabjálfun, klifur og jafnvel CrossFit sameinist í

DRÖG AÐ KLIFURHÚSI (hlekkur á gagnvirk SketchFab model)

Bein slóð ef hlekkur virkar ekki: https://sketchfab.com/3d-models/drog-a-klifurhusi-isafjarar-d7e8f26bd4c24853bd204901d69c2cae?fbclid=IwAR1TfWWdKOoOJL4JwWIm0FuhNJVCntO0tqcXWEwIvvu-OmPRzCXvY--mF_I

Skjáskot tekið úr módelinu:



Varðandi kostnað

Kostnaður fer eftir því hvað verður raunverulega ráðist í fyrsta kastið. Því er ómögulegt að nefna nákvæmar tölur hér. En skv. þeim hugmyndum sem hér eru kynntar er gert ráð fyrir að klifurðastaðan sé að taka til sín innan við 60fm af gólfplássi.

Ef tekið er dæmi um kostnað við vegg sem byggður var frá grunni á Dalvík og Óliver Hilmarsson (einn úr áhugahópnum) vann í að setja upp, þá var heildartalan innan við tvær milljónir og var sá veggur mun stærri en gert er ráð fyrir hér.

Kostnaður felst einkum í efni, þ.e. krossviðarplötum, skrúffestingum, boltum, klifurfestum dýnum og slíku. Við erum að gera ráð fyrir að vinna við smíðina verði öll í sjálfbodavinnu og þar með hægt að losna við það sem annars yðri langstærsti kostnaðarhlutinn.

Gráf kostnaðaráætlun yfir efni í klifurvegg sem er þekur um 100fm af veggplássi (u.p.b. 20m breiður og 5m hárr):

22 mm krossviður 30 stk	450.000kr
150 m burðartimbur (45x120cm)	150.000kr
Skrúfur, múrboltar og annað	100.000kr
600 klifurgrip	720.000kr
Boltar fyrir klifurgrip og gaddarær	150.000kr
Samtals	1.570.000kr

Það er auðvitað inni í myndinni að byrja á því að setja upp eitthvað minni vegg og stækka síðar. En þá þyrfti að gera ráð fyrir mögulegri stækkun þegar annað er skipulagt í námunda við vegginn.

Tveir möguleikar eru fyrir hendi í sambandi við dýnur undir veggnum. Annars vegar mjög ódýr lausn sem er að safna notuðum svampi og dýnum af ýmsu tagi, byggja upp nægilega þykkt lag og leggja svo þykkan yfirbreiðsludúk yfir en hann stendur einmitt til boða frítt frá Dalvík. Þetta var gert í Klifurhúsi Reykjavíkur á sínum tíma og á Dalvík. Hin lausnin væri að kaupa hreinlega góðar frjálsíþrótt/fimleikadýnur sem leggjast vel saman og er þá auðveldlega hægt að velta þeim upp á hlið ef nota á gólfplássið eða jafnvel dýnurnar sjálfar tímabundið fyrir eitthvað annað.

Reynsla innan hópsins

Í áhugahópnum er raunveruleg reynsla af uppbyggingu svona klifuraðstöðu, heilmikil almenn smíðareynsla sem og auðvitað vit og reynsla af klifri og klifuríþróttinni yfirleitt. Það sem helst vantar er jú auðvitað húsnæði og einhverjir fjármunir. Það mun ekki standa á fólk að ganga í hlutina og það í sjálfbóðavinnu.

Í öllum tilfellum þar sem svona aðstaða hefur verið sett upp hefur henni verið mjög vel tekið og almennt mikill áhugi. Við höfum fulla trú á því að þetta verði mikið notað, að áhugi á þessari íþrótt hér á svæðinu muni stóraukast í kjölfarið og að aðráttarafl á útvistarfolk verði enn meira en nú er.

Reynsla af starfrækslu klifuraðsöðu á Akranesi

Það þarf varla að tala mikið um reynsluna af Klifurhúsi Reykjavíkur en það hefur marg oft sprengt utan af sér húsnæði. Ef við tökum dæmi af Akranesi þá var klifurfélag stofnað þar í febrúar 2015 og fékk inngöngu í ÍA árið eftir. Eftir samtöl við forsvarsmenn Vestra er ljóst að áhugi er þar fyrir að fá ísfirskt klifurfélag (sem stendur til að stofna innan skamms) inn sem hluta af félagini.

Á Akranesi fóru æfingar fyrst fram í íþróttahúsínu á Vesturgötu, en fljótlega sprengdi félagið þá aðstöðu utan af sér og nú fara æfingar fram á Smiðjuloftinu (smidjuloftid.is) eða utandyra í næsta nágrenni við Akranes, þá oftast í Akrafjalli. Einnig skipuleggur félagið æfingaferðir til annarra klifurfélaga og á önnur klifurvæði á Íslandi. Klifurfélagið sér um og viðheldur klifursvæðunum í Akrafjalli, þar sem hvort tveggja er hægt að stunda grjótglímu (e. bouldering) og svokallað sportklifur þar sem búið er að bolta lítil stálaugu í bergið sem tryggt er í.

Klifur utanhúss á Vestfjörðum

Hér á Vestfjörðum eru nokkur klettaklifursvæði sem hafa verið eða er verið að bolta, oftast með stuðningi frá boltasjóðum Klifurfélags Reykjavíkur og/eða Íslenska Alpaklúbbsins. Nýlega hafa fundist fleiri svæði, steinsnar frá Ísafirði, sem lofa mjög góðu. Það er því viðbúið að gróskutímabil sé í vændum þegar kemur að klettaklifuríþróttinni.

Við vonum að vel verði tekið í þessar hugmyndir okkar og erum við í áhugahópnum að sjálfsögðu reiðubúin að gefa frekari upplýsingar og ræða hugmyndir og útfærslur frekar.

F.h. áhugahóps um innanhússklifuraðstöðu á Ísafirði,
Björgvin Hilmarsson & Óliver Hilmarsson

Sjúkraþjálfun Vestfjarða ehf

Frá árinu 2007 hefur Sjúkraþjálfun Vestfjarða ehf bent á nauðsyn þess að sett verði á fót miðstöð sem hýsir alla þá aðila, sem koma að heilsurækt, hreyfingu, hæfingu og endurhæfingu í okkar litla samfélagi.

Í raun mætti líka finna samleið með fleiri aðilum til að gera hugmyndina heilsteyptari og betri. Einhvern vegin hefur þessum hugmyndum ávallt verið sigt í strand og aðilar, endað hver úti í sínu horni, og tap blasað við. Sjúkraþjálfun Vestfjarða ehf er tilbúin til að koma að verkefni, nú sem endranær, þar sem að allir áhugasamir aðilar komast undir eitt þak í sömu miðstöð þar sem samliðaráhrif fyrirtækjanna fá notið sín. Markaður okkar er lítill þannig að samvinna frekar en samkeppni held ég að sé eina leiðin til þess að allir geti notið góðs af.

Með vinsemdu og virðingu

Ólafur Halldórsson

Kær kveðja,
Birgir Gunnarsson bæjarstjóri
450 8024 – 897 3464 - birgir@isafjordur.is

From: CrossFit Ísafjörður [<mailto:cfisafjordur@gmail.com>]
Sent: mánudagur, 29. júní 2020 13:49
To: Birgir Gunnarsson <birgir@isafjordur.is>
Subject: Líkamsræktarmál - Ísófit ehf.

Sæll Birgir

Einhverja hluta vegna, þá hefur erindi okkar sem við sendum inn til Ísafjarðarbæjar fyrir um rúnum mánuði ekki verið svarað, þar sem við vorum með hugmyndir um hvernig mætti byggja upp líkamsræktaraðstöðu hér í bænum. Fengum við síðan póst frá þér þar sem við áttum að svara eftirfarandi spurningum:

1. Hvaða húsnaði er í boði og hver er kostnaður við breytingar og hvernig yrðu þær fjármagnaðar
2. Mánaðarlegar greiðslur frá Ísafjarðarbæ
3. Framlag í formi tækja og búnaðar

Hafa þessum spurningum heldur betur verið svarað af Ísófit ehf., til bæjarstjóra, meirihluta bæjarstjórnar, bæjarráðs og sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs. Forsvarsmenn fyrirtækisins hafa átt fjölmörg símtöl, samtöl og fundi við þessa aðila með litlum sem engum árangri. Alltaf hefur það legið á borðinu að framtíðarsýn okkar sé að byggja húsnaði undir starfssemi líkt og þetta og við opin fyrir því að fara í tímabundið húsnaði, eins og t.d. Sindragötu 11, en þar hófum við starfssemi okkar. Því þykir okkur miður, að við fáum ekki eins skýr svör og aðrir rekstraraðilar hér í bænum, þegar áhugi okkar fyrir að taka þetta yfir hefur legið fyrir síðan í lok ágúst 2019.

Því viljum við svara þessu í einn eitt skiptið.

1. Hvaða húsnaði er í boði og hver er kostnaður við breytingar og hvernig yrðu þær fjármagnaðar:

Sindragata 11 er í boði og hefur fyrirtækið formlega boðið eiganda hússins leigu fyrir þá rúma 800 fermetra sem þurfa í verkefnið. Fara þyrfti í minniháttar framkvæmdir, sem aðallega felst í að setja upp lyftu svo allir bæjarbúar hafi greiðan aðgang að líkamsræktinni. Við teljum að framkvæmdirnar myndu kosta um 10 milljónir króna og yrði það unnið að mestu í sjálfboðavinnu. Félagið mun fjármagna allar framkvæmdir en óskar eftir stuðningi frá Ísafjarðarbæ við kaup og uppsetningu á lyftu svo bæta megi aðgengi fyrir alla bæjarbúa. Ekki er vitað um kostnað við slíkt, en leitast verður eftir tilboðum í slíkt.

2. Mánaðarlegar greiðslur frá Ísafjarðarbæ

Nú í dag erum við að sinna barna- og unglingsstarfi með HSV en einnig eru íþróttafélög hér í bæ að nýta aðstöðu okkar og fleiri félög óskað eftir því. Fyrirtækið er einnig með æfingar fyrir heldra fólk. Fyrirtækið sér fyrir sér að mánaðarlegar greiðslur Ísafjarðarbæjar verði að bærinn greiði helminginn í húsaleigu og kaupi fyrirframgreidda tíma í hverjum mánuði fyrir börn, unglings, eldriborgara og íþróttafélög. Heildar framlag Ísafjarðarbæjar verði þá á bilinu 400-500 þús kr. á mánuði, en nákvæm tala yrði að útfæra ef af þessu verður.

3. Framlag í formi tækja og búnaðar

Ísófit ehf. á í dag tækjabúnað fyrir alhliða hreyfingu að verðmæti um 7 milljóni króna, ef miðað er við nývirði tækja. Félagið telur að til að ná utan um alla bæjarbúa, þá þyrfti að kaupa ný tæki, þá helst rafknúin tæki fyrir um 12 milljónir króna. Vill félagið skoða þann möguleika hvort Ísafjarðarbær gæti fjármagnað þau kaup og Ísófit greitt fastar mánaðarlegar greiðslur til Ísafjarðarbæjar, fyrir þeim tækjum.

Félagið fer einnig fram á það að Ísafjarðarbær leggi inn í verkefnið þau tæki sem nú þegar eru í eigu Ísafjarðarbæjar. Ef vilji er ekki fyrir því, þá er félagið tilbúið að kaupa tækin af Ísafjarðarbæ.

Við óskum því eftir að eiga fund með bæjarstjóra til að fara yfir þessi mál okkar. Erum við nú að eiga samtöl við fleiri aðila hér í bænum sem eru með sinn eigin rekstur, hópaþjálfara, einkapþjálfara og sjúkrapþjálfara til að koma með okkur inn í verkefnið. Erum við bjartsýn fyrir því að hópurinn innan Ísófit muni stækka og vera mun fjölbreyttari en hann er í dag.

Erum við tilbúin til að vinna þá vinnu sem þarf til, svo framtíðar húsnæði undir þetta verði byggt. Er það vilji okkar að koma að svoleiðis framkvæmd svo hún verði að veruleika, hvar sem það hús mun vera staðsett.

Látum fylgja í viðhengi þau erindi sem hafa áður verið send inn til Ísafjarðarbæjar en aldrei fengist nein svör við.

Hlökkum til að heyra frá þér,

Eigendur Ísófit ehf.,

Andrea Gylfadóttir
Heba Dís Þrastardóttir
Ingibjörg Elín Magnúsdóttir

Kær kveðja,
Birgir Gunnarsson bæjarstjóri
450 8024 – 897 3464 - birgir@isafjordur.is

From: Thor Hardarson [<mailto:thor@thrudheimr.com>]
Sent: mánudagur, 15. júní 2020 07:25
To: Birgir Gunnarsson <birgir@isafjordur.is>; Daníel Jakobsson <danielj@isafjordur.is>;
arnalara@nmi.is; Marzellíus Sveinbjörnsson <mazzi@isafjordur.is>
Subject: Tillaga að líkamsræktarmálum hjá Ísafjarðarbæ

Sæl/l,

Í viðhengi er breytt tillaga okkar eftir samtal við Birgi síðastliðinn mánudag. Við höfum aftur óskað eftir formlegum fundi við Ísófit um aðkomu að verkefninu, en í óformlegu samtali kom fram að samstarfsvilji sé hjá sumum aðilum en ekki öllum eigendahópnum, stefnt var að fundi sunnudaginn 14. Júní en ekkert heyrðist frá þeim.

Í ljósi þess og samtals við Birgi þá skilum við inn þessari tillögu. Sjúkraþjálfun Vestfjarða hefur enn áhuga á að koma að verkefninu en er ekki partur af kostnaðaráætlun.

Þessi tillaga miðast einungis við að fára þann rekstur sem nú er í Aðalstræti niður í Sindragötu þangað til byggt verður að Torfnesi. Fm fjöldinn sem um ræðir er töluvert minni en kom fram í fyrri tillögu en rúmar vel þann tækjakost sem til er nú ásamt nauðsynlegri endurnýjun / viðbót. Hægt verður að bjóða íþróttahreyfingunni að sinna styrktar og plyometriksþjálfun í 80 – 100 fm hóptímasal þar sem gert er ráð fyrir braut með sleða og yrði aðstaðan því mikil bæting frá því sem nú er. Klifurveggurinn er einnig enn möguleikur miðað við þessa uppsetningu.

Nægt rými er eftir í húsnæðinu vilji fleiri aðilar koma þar inn en kostnaður sem settur er fram hér miðast einungis við að gera aðstöðu klára til að fára rekstur sem nú er í Aðalstræti ásamt endurnýjun á þeim þrektækjum sem rædd voru á fundi sem við sáum hjá bæjarráði. Við höfum nýlega fjárfest í 5 nýjum tækjum að andvirði 750.000 kr. þannig að viðbættum þeim þrektækjum sem sett eru fram í kostnaðaráætlun þá ætti tækjakostur að vera mun betri en nú er.

Við óskum eftir að samningur verði gerður til að lágmarki 5 ára þar sem foresendur rekstursins er stöðugleiki og erfitt að ná honum á skemmtíma og að gerður verði kaupleigusamningur v. tækjakosts.


Allar tölur varðandi breytingar eru settar fram með fyrirvara og æskilegt er að tæknideild Ísafjarðabæjar fari yfir þær en rétt er að nefna að ekki eru inni kostnaður vegna loftræstingar þar sem að ekki var á okkar færi að afla þeirra upplýsinga.

Rétt er að minnast á að leigusali hefur einnig líst yfir vilja til að standa straum af breytingum á húsnæði gegn hærri leigu og er tilbúin til að leigja til lengri tíma.

Í viðhengi er ný teikning sem miðast við þessar forsendur og ýtarlegri kostnaðaráætlun en frá fyrra plani. Við sjáum fyrir okkur að taka á okkur 10 %- 20% af standsetningarkostnaði í formi vinnuframlags.

Við óskum eftir fundi við fyrsta tækifæri til að útskýra betur tillöguna ásamt teikningu.

Með kveðju og von um góðar viðtökur
Fh. Þrúðheima
Þór Harðarson og Karen Gísladóttir



Standsetningarkostnaður	upphæð	magn	Upphæð	
Votrými Epoxy	450.000	2	900.000	
Gólf í skiptirými epoxy	175.000	2	350.000	
Pípulagningavinna og efni - sturtuklefar	250.000	8	2.000.000	
Salerni	210.000	6	1.260.000	
handlaugar	196.000	6	1.176.000	
Steinsögun per m.	3.200	20	64.000	
léttir veggir 3 m hæð	3,0 m á hæð	18.000	109	1.954.800
baðherb.veggir	3 m á hæð	18.500	118	2.186.700
Hljóðeinangraðir veggir	2,8 m á hæð	27.500	0	0
Hljóðeinangraðir veggir	4 m á hæð	30.000	38	1.140.000
Hljóðeinangraðir veggir	3 m á hæð	30.000	57	1.719.000
Gólfefni (vinyl "parkett")	17.500	0	0	
Gúmmímottur	5.990	399	2.390.010	
ný hlaupabretti (air runner)	599.000	3	1.797.000	
önnur þrektæki (ski erg, air bike, model D	150.000	3	450.000	
drykkjarbrunnur	210.000	3	630.000	
skápar í skiptirými	35.000	32	1.120.000	
Afgreiðsluborð	290.000	1	290.000	
annað	500.000	1	500.000	
Samtals:			19.927.510	

1 Hóptímasalur

liður	ma.	ein.	vinna	efni	annað	alls	Endurnýtist við flutning	Á kostnað þrúðheima
Gúmmímottur	80	m2	500	5.990	500	559.200	479.200	40.000
Innv.víxl.70 stgr.2x3 13mm gpl.ein.EI60	29	m2	9.662	11.488	0	613.350		
Gluggi í innvegg m/gleri viðbót	2	m2	21.517	19.948	0	82.930		
Gr.f/rennhv. 45x45+45x145 c/c60 m/fest	4	m2	6.252	5.524	0	47.104		
Málun innveggja, tré, gr+3 umf. akrylm.	58	m2	1.779	654	0	141.114	250	103.182
Innihurð, ljós spónn, m/ísetningu, meðal	1	stk	36.142	112.404	0	148.546		
Hurðarfleki, ljós spónn, meðal	4	m2	13.378	29.937	0	173.260		
Taugar 1,5 - 2,5 mm Cu, 300/500 V	55	m	111	35	0	8.030	1.925	6.105
Eftirlitsmyndavélar innanhúss	1	stk	5.213	35.443	0	40.656	35.443	40.656
Tenglar 16 A, tvöfaldir	6	stk	3.540	1.605	0	30.870	0	21.240
Samtals kostnaður hóptímasalur:							1.845.060	516.818
Einskiptiskostnaður Ísafjarðarbæjar:							1.117.059	211.183

2 Búningsklefar

liður	ma.	ein.	vinna	efni	annað	alls	Endurnýtist við flutning	Á kostnað þrúðheima
Frárennslisl. innanh. (heild) o40 mm,PP	20	m	3.020	1.717	0	94.740		
Frárennslisl. innanh. (heild) o100 mmPP	15	m	5.427	4.128	0	143.325		
Handlaug m/blt. vatnsl. og tilh. venjul.	6	stk	27.912	82.046	0	659.748	492.276	
Vatnssalerni upphengt m/innb. vatnsk.	6	stk	81.187	144.795	0	1.355.892	868.770	
Pappírshaldari a.	6	stk	4.520	12.518	0	102.228		27.120
Niðurfallsrennur í sturtu	2	stk	15.083	59.325	0	148.816		
Innv. timburgr. 1x2 12 mm sppl. 100 mm	##	m2	6.207	7.606	0	2.002.885		
Innv.95/60 stgr.2x2 13mm vþgpl.ein. EI60	##	m2	10.135	20.795	0	5.381.820		
Innihurð, ljós spónn, m/ísetningu, meðal	2	stk	36.142	112.404	0	297.092		
Fataskápur m/læsingu, járnsk. 25x58-170	32	stk	6.003	40.789	0	1.497.344	1.305.248	
Borðplata úr plastlagðri sppl. m/v.fest	2	m	8.575	24.484	0	66.118		17.150
Spegill 600x400 mm, kantslípaður	6	stk	3.396	9.908	0	79.824	59.448	20.376
Spegill 1500x1020 mm, kantslípaður	1	stk	8.575	26.233	0	34.808	26.233	8.575
Snagarekki	2	m	5.145	12.242	0	34.774		10.290
Steinsögun	7	m	3.200		0	20.800		
Taugar 1,5 - 2,5 mm Cu, 300/500 V	65	m	111	35	0	9.490		7.215
Tenglar 16 A, tvöfaldir	4	stk	3.540	1.605	0	20.580		14.160
Ljós á baði/snyrtingu	12	stk	5.124	12.066	0	206.280		61.488
Samtals kostnaður búningsklefar:							12.156.564	2.751.975
Einskiptiskostnaður Ísafjarðarbæjar:							9.238.215	166.374

3 Afgreiðsla

liður	ma.	ein.	vinna	efni	annað	alls	Endurnýtist við flutning	Á kostnað þrúðheima
Tgr.95x45+ein.+rv.+gpl.+rafmgr. á útv.	29	m2	10.009	7.156	0	497.785		
Veggjaklæðn. furupanell	25	m2	1.936	5.521	0	186.425		48.400
Afgreiðsluborð	1	stk	48.051	252.423	0	300.474		

Steinsögun	6	m	3.200	0	17.600		
aðgangshlið	1	stk	50.000	250.000	0	300.000	250.000
Taugar 1,5 - 2,5 mm Cu, 300/500 V	35	m	111	35	0	5.110	1.225
Eftirlitsmyndavélar innanhúss	1	stk	5.213	35.443	0	40.656	35.443
Tenglar 16 A, tvöfaldir	10	stk	3.540	1.605	0	51.450	0

Samtals kostnaður afgreiðsla: **1.399.500** 286.668 178.341
Einskiptiskostnaður Ísafjarðarbæjar: **934.491**

4 Tækjasalur

liður	nag einin	vinna	efni	annað	alls	Endurnýtist við flutning	Á kostnað þruðheima ehf
gúmmímottur	## m2	500	5990	500	1.698.570	1.455.570	121.500
Innv. timburgr. 1x2 12 mm sppl. 100 mm	17 m2	6207	7606	0	234.821		
Málun innveggja, tré, gr+1 umf. acrylm.	## m2	1013	354	0	150.370		111.430
Drykkjarbrunnur, vandaður	1 stk	36622	186728	0	223.350	186.728	
Taugar 1,5 - 2,5 mm Cu, 300/500 V	35 m	111	35	0	5.110	1.225	3.885
Eftirlitsmyndavélar innanhúss	1 stk	5213	35443	0	40.656	35.443	40.656
Tenglar 16 A, tvöfaldir	10 stk	3540	1605	0	51.450	0	35.400

Samtals kostnaður tækjasalur: **2.307.111** 1.678.966 312.871
Einskiptiskostnaður Ísafjarðarbæjar: **315.274**

5 Þrektækjasalur

liður	ma. ein.	vinna	efni	annað	alls	Endurnýtist við flutning	Á kostnað þruðheima
gúmmímottur	80 m2	500	5.990	500	559.200	479.200	40.000
Taugar 1,5 - 2,5 mm Cu, 300/500 V	35 m	111	35		5.110		3.885
Eftirlitsmyndavélar innanhúss	1 stk	5.213	35.443		40.656	35.443	40.656
Tenglar 16 A, tvöfaldir	10 stk	3.540	1.605		51.450	0	35.400

Samtals kostnaður þrektækjasalur: **656.416** 514.643 119.941
Einskiptiskostnaður Ísafjarðarbæjar: **21.832**

6 Gangur

liður	ma. ein.	vinna	efni	annað	alls	Endurnýtist við flutning	Á kostnað þruðheima
Tenglar 16 A, tvöfaldir	2 stk	3.540	1.605		10.290		7.080
Data/tölvustr. skermaður, 8x0,5 mmý	20 m	860	244		22.080		17.200
Taugar 1,5 - 2,5 mm Cu, 300/500 V	25 m	111	35		3.650		2.775
Ljós í loft, 2x36 W	2 stk	7.820	22.152		59.944		15.640
Eftirlitsmyndavélar innanhúss	1 stk	5.213	35.443		40.656	35.443	40.656
Málun innveggja, tré, gr+3 umf. akrylm.	78 m2	1.779	654		189.774		138.762
Málun gólfá, epoxy, gr + 2 umf	28 m2	1.109	953		57.736		31.052

Samtals kostnaður gangur: **384.130** 35.443 253.165
Einskiptiskostnaður Ísafjarðarbæjar: **95.522**

7 Endurnýun tækja Q3-Q4

liður	ma.	ein.	vinna	efni	annað	alls	Endurnýtist við flutning	Á kostnað þrúðheima
ski erg (gönguskíða þrektæki)	1	stk		150000	0	150.000	150.000	
Assault air bike	1	stk		150000		150.000	150.000	
róðravél model D	1	stk		150000		150.000	150.000	
Air Runner Hlaupabretti	3	stk		599000		1.797.000	1.797.000	
<hr/>								
(fyrstaflokks tæki sem búið er að kaupa, fáum afhent í Júlí)								
Cybex® Eagle Torso	1	stk		150000		150.000	0	150.000
Cybex® Eagle Overhead Press	1	stk		150000		150.000	0	150.000
Cybex® Eagle Glute	1	stk		150000		150.000	0	150.000
Cybex® Eagle Row	1	stk		150000		150.000	0	150.000
Strive® Diverging lat pulldown	1	stk		150000		150.000	0	150.000

Ísafjarðarbær endurnýar ónýt tæki Q3 2020: 1.797.000

Þrúðheimar bætir við tæki Q3 2020: 750.000 2.247.000 750000

Ísafjarðarbær bætir við tæki Q3 2020: 450.000

Samtals Endurnýun og viðbætt tæki Q3 2020: 2.997.000


Samtals áætluð útgjöld og kostnaður vegna flutninga úr Hafnarstræti 20: 18.748.781

Þar af er tæki, búnaður og innréttigar sem nýtast þegar flutt er á Torfnes: 5.784.513

(vinnuliður afskrifaður)

Samtals á kostnað þrúðheima ehf: 1.241.875

Einskiptiskostnaður Ísafjarðarbæjar er því: 11.722.393




Sindragata 11

Ísafirði


Rými á efri hæð.
18.06.2020

21,47 m²



267,21 m²

560,90 m²



Minnisblað

Til: Bæjarráðs
 Frá: Stefanía Helga Ásmundsdóttir
 Dags. 11. ágúst 2020
 Mnr. 2017050073



ÍS AFJARDARBAER

Styrktarsamningur Ísfjarðarbæjar til líkamsræktar 2020-2023

Óskað var eftir áhugasönum einstaklingum að koma með tillögur um rekstur líkamsræktarstöðvar á Ísafirði. Tvær tillögur bárust bæjarstjóra sem lagðar voru fyrir bæjarráð til kynningar.

Tillaga Ísófit ehf. fellur betur að hugmyndum Ísfjarðarbæjar um rekstur líkamsræktarstöðvar. Tillagan kemur til móts við alla aldurshópa og tryggir góðan og breiðan grunn að heilsueflandi samfélagi. Húsnæðið sem lagt er til er ákjósanlegt og býður upp á marga möguleika til fjölbreyttar heilsueflingar fyrir alla aldurshópa. Allar breytingar á húsnæðinu eru í höndum rekstaraðila án aðkomu Ísfjarðarbæjar.

Aðkoma Ísfjarðarbæjar að líkamsræktarmálum breytist í rekstarstyrk ásamt því að bjóða afnot af tækjum og búnaði í því ástandi sem þau eru í við afhendingu.

Sviðstjóri skóla- og tómstundasviðs leggur til að gerður verður styrktarsamningur til næstu 3 ára frá 1. október næstkomandi til 30. september 2023 við Ísófit ehf. Samningurinn miðast við rekstrarstyrk að upphæð kr. 440.000,- mánaðarlega, ásamt afnotum af líkamsræktarbúnaði í eigu Stúdió Dan ehf., sem er í eigu Ísfjarðarbæjar.

Sjá fylgiskjal.

SÁ

Samningur milli Ísfjarðarbæjar og Ísófit ehf.

um styrk til reksturs líkamsræktarstöðvar

1. gr. samningsaðilar

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, og Ísófit ehf., kt. 571018-0200, gera með sér svofelldan samning um styrk vegna reksturs líkamsræktarstöðvar.

2. gr. skyldur Ísfjarðarbæjar

Ísafjarðarbær skal greiða Ísófit ehf. styrk að upphæð 440.000,- einu sinni í mánuði til næstu 3 ára frá 1.októbert 2020 til 31.september 2023. Um ræða tímabundin samning sem lýkur þann 30.september 2023 án sérstakrar uppsagnar eða tilkynningar af hálfu ísafjarðarbæjar. Greiðslur skulu fara fram 20. hvers mánaðar, gegn útgáfu rafræns reiknings frá Ísófit ehf. Reikningur skal berast að lámarki tveimur vikum fyrir greiðsludag. Berist reikningur ekki tímanlega áskilur Ísafjarðarbær sér að greiðsla falli niður vegna þess tíma. Bókunartilvísun skal vera „líkamsræktarstyrkur“.

Líkamsræktartæki og búnaður í eigu Stúdíó Dan ehf. afhendist til láns í því ástandi sem það er og Ísófit ehf. hefur kynnt sér. Ísafjarðarbær bætir ekki tæki eða búnað á samningstíma.

3. gr. Skyldur Ísófit ehf.

Ísófit ehf. skal bjóða íbúum Ísafjarðarbæjar upp á fjölbreytta líkamsræktaraðstöðu, með almennum opnunartíma. Leggja skal áherslu á að koma til móts við alla aldurshópa og stuðla að almennri heilsueflingu íbúa Ísafjarðarbæjar.

Ísófit ehf. skal, við lok samnings þessa, skila líkamsræktarbúnaði, tækjum í sama ástandi og félagið tók við honum, að teknu tilliti til eðlilegrar notkunar og slits. Leigutaki skal annast á sinn kostnað eðlilegt viðhald, í samræmi við notkun búnaðar.

Ísófit ehf. ber ábyrgð á tjóni búnaðar, sem starfsmenn félagsins eða aðrir sem hann nota, valda eða verða fyrir. Skal félagið annast á sinn kostnað tryggingar vegna notkunar búnaðar og skuldbindur sig til að kaupa allar þær tryggingar sem nauðsynlegar eru vegna starfseminnar.

4. gr. Samskipti

Allar breytingar og viðaukar sem gerðir eru við þennan samning skulu vera skriflegar og undirritaðar af báðum samningsaðilum.

Allar orðsendingar, tilkynningar og kvartanir, vegna samnings þessa skulu vera skriflegar og sendar með sannanlegum hætti.

Tengiliður Ísafjarðarbæjar við Ísófit ehf. er sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs. Tengiliður Ísófit ehf. skal vera xx.

5. gr. Vanefndir

Vanefni Ísófit ehf. skyldur sínar verulega samkvæmt samningi þessum skal samningurinn falla úr gildi og Ísafjarðarbær taka til sín lánaðan búnað.

6. gr. Önnur ákvæði

Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum samningsaðila.

Ísafjörður, _____

F.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. Ísófit ehf.

Vottar að réttri dagsetningu,
undirritun og fjárræði aðila:

Tilkynning um áform ÍsóFit ehf hvað varða rekstur líkamsræktarstöðvar á Ísafirði.

Ísófit ehf hefur hug á að reka alhliða heilsumiðstöð á Ísafirði. Það felur í sér að fyrirtækið, sem hefur hingað til rekið CrossFit Ísafjörð ætlar sér að taka upp annað nafn og víkja frá CrossFit nafninu og fyrirkomulaginu. Ísófit hefur stefnt að vexti og uppbyggingu innan fyrirtækisins og langar að geta boðið bæjarbúum upp á alla líkamsrækt á einum stað í metnaðargjörnu og framsæknu starfi.

ÍsóFit ehf hefur nú þegar gert formlegt kauptilboð í eign á góðum stað á Ísafirði þar sem hægt verður að byggja upp frábæra aðstöðu til heilsuiðkunar og reiknar félagið með að þau kaup verði frágengin innan skamms. Ísófit stefnir á langtíma uppbyggingu á þessu sviði með kaupum á húsnæðinu og þar eru ýmsir möguleikar til staðar til frekari uppbyggingar á ýmsum sviðum sem varða heilsuiðkun. Eignin sem um ræðir er rúmlega 650 m² að stærð. ÍsóFit hefur ráðið starfsmann í afgreiðslu og þrif nú þegar.

Ný líkamsrækt ÍsóFit hefur fengið nafnið **Stöðin Heilsurækt** og þar er fyrirséð að verði hægt að bjóða upp á mjög fjölbreytta líkamsrækt og hópatíma. Í **Stöðinni** verður stór hópatímasalur, minni salur sem hentar hópum, spinning og hverskyns tínum, tækjasalur/svæði sem og lyftingaraðstaða með lóðum og öðrum búnaði. Í **Stöðinni** sér ÍsóFit einnig fram á að verði hugsanlega aðstaða fyrir nuddara, kírópraktóra, sjúkraþjálfsara eða aðra sem vilja leigja rými til lengri eða skemmti tíma fyrir sína heilsutengdu starfsemi.

ÍsóFit þjónustar nú þegar íþróttafélögum og HSV með leigu á sal til styrktarþjálfunar ýmissa flokka og í **Stöðinni** verður því haldið áfram í enn betri aðstöðu. ÍsóFit sér einnig fram á að geta þjónustað aðra hópa eins og eldri borgara, börn og unglings.

ÍsóFit vill koma því á framfæri að allir þjálfarar, hóptímaþjálfarar sem og einkaþjálfarar eru mjög velkomnir með sína starfsemi inn í **Stöðina** og saman getum við byggt upp frábæra heilsumiðstöð fyrir bæjarbúa Ísafjarðarbæjar.

Stjórnendur ÍsóFit hlakkar mikið til að takast á við þetta verkefni og bjóða bæjarbúum upp á fyrirmynnar aðstöðu til heilsuræktar.

Meðfylgjandi er rekstraráætlun fyrirtækisins.



Samningur milli Ísfjarðarbæjar og Ísófit ehf.

um styrk til reksturs líkamsræktarstöðvar

1. gr. samningsaðilar

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, og Ísófit ehf., kt. 571018-0200, gera með sér svofelldan samning um styrk vegna reksturs líkamsræktarstöðvar.

2. gr. skyldur Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær skal greiða Ísófit ehf. styrk að upphæð 420.000,- einu sinni í mánuði til næstu 3 ára frá 1. október 2020 til 31. september 2023. Um ræða tímabundin samning sem lýkur þann 30.september 2023 án sérstakrar uppsagnar eða tilkynningar af hálfu Ísafjarðarbæjar. Greiðslur skulu fara fram 20. hvers mánaðar, gegn útgáfu rafræns reiknings frá Ísófit ehf. Reikningur skal berast að lámarki tveimur vikum fyrir greiðsludag. Berist reikningur ekki tímanlega áskilur Ísafjarðarbær sér að greiðsla falli niður vegna þess tíma. Bókunartilvísun skal vera „líkamsræktarstyrkur“.

Líkamsræktartæki og búnaður í eigu Stúdíó Dan ehf. afhendist til láns í því ástandi sem það er og Ísófit ehf. hefur kynnt sér. Ísafjarðarbær bætir ekki tæki eða búnað á samningstíma.

3. gr. Skyldur Ísófit ehf.

Ísófit ehf. skal bjóða íbúum Ísafjarðarbæjar upp á fjölbreyttu líkamsræktaraðstöðu, með almennum opnunartíma. Leggja skal áherslu á að koma til móts við alla aldurshópa og stuðla að almennri heilsueflingu íbúa Ísafjarðarbæjar.

Ísófit ehf. skal veita áhugasönum greiðan aðgang til þjálfunar í líkamsræktaraðstöðunni, og er heimilt að gera að samninga um hóptíma, einkajálfun o.p.h. án aðkomu Ísafjarðarbæjar.

Ísófit ehf. skal, við lok samnings þessa, skila líkamsræktarbúnaði, tækjum í sama ástandi og félagið tók við honum, að teknu tilliti til eðlilegrar notkunar og slits. Leigutaki skal annast á sinn kostnað eðlilegt viðhald, í samræmi við notkun búnaðar.

Ísófit ehf. ber ábyrgð á tjóni búnaðar, sem starfsmenn félagsins eða aðrir sem hann nota, valda eða verða fyrir. Skal félagið annast á sinn kostnað tryggingar vegna notkunar búnaðar og skuldbindur sig til að kaupa allar þær tryggingar sem nauðsynlegar eru vegna starfseminnar.

Ísófit ehf. skal uppfylla þau leyfi sem opinberir eftirlitsaðilar gera kröfu um vegna starfseminnar.

4. gr. Samskipti

Allar breytingar og viðaukar sem gerðir eru við þennan samning skulu vera skriflegar og undirritaðar af báðum samningsaðilum.

Allar orðsendingar, tilkynningar og kvartanir, vegna samnings þessa skulu vera skriflegar og sendar með sannanlegum hætti.

Tengiliður Ísafjarðarbæjar við Ísófit ehf. er sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs. Tengiliður Ísófit ehf. skal vera Andrea Gylfadóttir.

5. gr. Vanefndir

Vanefni Ísófit ehf. skyldur sínar verulega samkvæmt samningi þessum skal samningurinn falla úr gildi og Ísafjarðarbær taka til sín lánaðan búnað.

6. gr. Önnur ákvæði

Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum samningsaðila.

Ísafjörður, _____

F.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. Ísófit ehf.

Vottar að réttri dagsetningu,
undirritun og fjárræði aðila:

Tilkynning um áform ÍsóFit ehf hvað varða rekstur líkamsræktarstöðvar á Ísafirði.

Ísófit ehf hefur hug á að reka alhliða heilsumiðstöð á Ísafirði. Það felur í sér að fyrirtækið, sem hefur hingað til rekið CrossFit Ísafjörð ætlað sér að taka upp annað nafn og víkja frá CrossFit nafninu og fyrirkomulaginu. Ísófit hefur stefnt að vexti og uppbyggingu innan fyrirtækisins og langar að geta boðið bæjarbúum upp á alla líkamsrækt á einum stað í metnaðargjörnu og framsæknu starfi.

ÍsóFit ehf hefur nú þegar gert formlegt kauptilboð í eign á góðum stað á Ísafirði þar sem hægt verður að byggja upp frábæra aðstöðu til heilsuiðkunar og reiknar félagið með að þau kaup verði frágengin innan skamms. Ísófit stefnir á langtíma uppbyggingu á þessu sviði með kaupum á húsnæðinu og þar eru ýmsir möguleikar til staðar til frekari uppbyggingar á ýmsum sviðum sem varða heilsuiðkun. Eignin sem um ræðir er rúmlega 650 m² að stærð. ÍsóFit hefur ráðið starfsmann í afgreiðslu og þrif nú þegar.

Ný líkamsrækt ÍsóFit hefur fengið nafnið **Stöðin Heilsurækt** og þar er fyrirséð að verði hægt að bjóða upp á mjög fjölbreytta líkamsrækt og hópatíma. Í **Stöðinni** verður stór hópatímasalur, minni salur sem hentar hópum, spinning og hverskyns tínum, tækjasalur/svæði sem og lyftingaraðstaða með lóðum og öðrum búnaði. Í **Stöðinni** sér ÍsóFit einnig fram á að verði hugsanlega aðstaða fyrir nuddara, kírópraktóra, sjúkraþjálfara eða aðra sem vilja leigja rými til lengri eða skemmtíma fyrir sína heilsutengdu starfsemi.

ÍsóFit þjónustar nú þegar íþróttafélögin og HSV með leigu á sal til styrktarþjálfunar ýmissa flokka og í **Stöðinni** verður því haldið áfram í enn betri aðstöðu. ÍsóFit sér einnig fram á að geta þjónustað aðra hópa eins og eldri borgara, börn og unglings.

ÍsóFit vill koma því á framfæri að allir þjálfarar, hóptímaþjálfarar sem og einkaþjálfarar eru mjög velkomnir með sína starfsemi inn í **Stöðina** og saman getum við byggt upp frábæra heilsumiðstöð fyrir bæjarbúa Ísafjarðarbæjar.

Stjórnendur ÍsóFit hlakkar mikið til að takast á við þetta verkefni og bjóða bæjarbúum upp á fyrirmynadar aðstöðu til heilsuræktar.

Meðfylgjandi er rekstraráætlun fyrirtækisins.



Minnisblað



ÍS AFJARÐARBÆR

Til:
 Frá: Birgir Gunnarsson
 Dags. 5. september 2020
 Mnr. 2017050073

Minnisblað varðandi rekstur líkamsræktarstöðvar

Forsaga líkamsræktarmála á Ísafirði sl. ár eru sú að Studio Dan ehf. er félag í eigu Ísafjarðarbæjar, sem keypt var af Stefáni Dan í janúar 2018, þ.e. öll tæki og rekstur félagsins. Í febrúar 2018 gerði Studio Dan ehf. samning við Þróðheima um rekstur líkamsræktarmiðstöðvar á Ísafirði. Samningurinn var til tveggja ára, og við lok hans var fyrirhugað að sveitarfélagið myndi hækta rekstri á Studio Dan ehf. Studio Dan ehf. afhenti Þróðheimum líkamsræktartæki auk þess að vera ábyrgðaraðili og greiðandi leigu á húsnæðinu við Hafnarstræti 20 á Ísafirði, sem er í eigu Styx ehf. Greiðslur Þróðheima ehf. til Studio Dan ehf. á móti eru 15% af sölu líkamsræktarkorta. Snemma árs árið 2020 var samningar þessir framlengdir til sex mánaða, eða til 1. ágúst 2020, þar sem ekki hafði fundist önnur lausn á líkamsræktarmálum á Ísafirði, eins og stefnt hafði verið að.

Þann 7. febrúar og 28. apríl 2020 óskað sveitarfélagið eftir hugmyndum almennings vegna reksturs líkamsræktar á Ísafirði. Um var að ræða frétt birta á vefsíðu sveitarfélagsins þar sem fram kom að 1. ágúst 2020 myndi Ísafjarðarbær hækta rekstri á Studio Dan á Ísafirði. Möguleiki væri á stuðningi frá bænum til áhugasamra rekstraraðila líkamsræktar á Ísafirði og voru þeir hvattir til þess að koma hugmyndum sínum á framfæri við Stefanú Ásmundsdóttur, svíosstjóra skóla- og tómstundasviðs.

Á grundvelli fyrnefnda tveggja tilkynninga frá sveitarfélagini bárust tvær tillögur, annars vegar frá Þróðheimum ehf. og hins vegar frá Ísófit ehf. Tillögurnar voru mjög ólíkar, önnur gerði ráð fyrir standsetningu á eldra húsnæði en hin gerði ráð fyrir nýbyggingu, en báðir aðilar óskuðu eftir aðkomu bæjarins í formi styrkja vegna hluta framkvæmda. Voru hugmyndir þessar kynntar bæjarráði í maí og júní 2020, auk þess sem báðir aðilar komu á bæjarráðsfund til að kynna hugmyndir sínar betur.

Í byrjun júní 2020 var framangreindum aðilum sendur tölvupóstur þar sem fram koma að þakkað var fyrir tillögur þeirra að fyrirkomulagi á starfsemi líkamsræktarstöðvar á Ísafirði. Erindin hefði fengið umfjöllun í bæjarráði og er niðurstaðan sú að horfa yrði til tímacundinnar aðkomu Ísafjarðarbæjar. Vilji væri til að byggja yfir starfsemi líkamsræktarmiðstöðvar á Torfnesi í náinni framtíði, en fram að því þurfi að finna lausn sem væri viðunandi fyrir alla aðila, þ.e. rekstraraðila, Ísafjarðarbæ og notendur þjónustunnar. Það fyrirkomulag myndi byggjast á aðkomu Ísafjarðarbæjar með annars vegar mánaðarlegum greiðslum og hins vegar að leggja til þau tæki sem til eru í dag. Óskað var því eftir tillögu sem rúmaðist innan þessa ramma og þurfi að innihalda upplýsingar um hvaða húsnæði yrði fyrir valinu, hver kostnaðurinn væri við breytingarnar og hvernig þær yrðu fjármagnaðar. Þá var óskað upplýsinga um mánaðarlegar greiðslur frá Ísafjarðarbæ auk framlags bæjarins í formi tækja og búnaðar.

Báðir aðilar sendu inn endurbættar tillögur. Tillaga beggja aðila var að breyta efri hæð Sindragötu 11 í aðstöðu til líkamsræktar. Nálgunin var þó mismunandi bæði hvað varðar nýtingu á húsnæðinu og einnig varðandi fjárhagslega aðkomu bæjarins. Umrætt húsnæði er í einkaeigu, en stendur til boða til útleigu fyrir líkamsræktaraðstöðu.

Málið var til vinnslu hjá starfsmönnum sveitarfélagsins sumarið 2020, en í júlí lá fyrir að ekki yrði búið að ganga frá nýjum samningum um líkamsræktaraðstöðu, þegar samningur við Þróðheima myndi renna út 31. júlí. Ákveðið var því að framlengja aftur, um tvo mánuði, meðan málið væri í vinnslu.

Við mat sveitarfélagsins á framkomnum tillögum og að virtum markmiðum og forsendum sveitarfélagsins með veitingu rekstrarstyrksins, sbr. fyrrgreindan póst frá júní sl., var horft til þess hvernig aðilar sáu fyrir sér nýtingu á framangreindu húsnæði og útfærslu á aðstöðunni, stærð rýmisins, aðgengi, breytinga á innra byrði, s.s. varðandi uppsetningu búningsklefa, sturtuaðstöðu og veggja. Við skoðun á þessu atriði var húsnæðið m.a. skoðað af starfsmönnum sveitarfélagsins, rætt við eiganda húsnæðisins og húsmiðameistara hans um þær breytingar sem voru fyrirhugaðar á húsnæðinu.

Einnig var horft til þess hver kostnaður við útfærslurnar var og hvernig aðilar gerðu ráð fyrir aðkomu bæjarins að stofnkostnaði og rekstrarkostaði við starfsemina. Vilji sveitarfélagsins er að hafa sem minnsta aðkomu að rekstri líkamsræktarmiðstöðvarinnar, bæði við uppbyggingu og rekstur, líttil vilji er til að gangast í ábyrgð fyrir leigugreiðslum, eða vera milligönguaðili um einstaka þætti eða uppbyggingu á aðstöðunni.

Þá var jafnframt lagt til grundvallar hversu vel tillögurnar samrýmdust hagsmunum Ísafjarðarbæjar og íbúum bæjarins, með tilliti til þjónustu við alla aldurshópa og íþróttafélög, svo og aðgengi fyrir fatlaða.

Niðurstaðan var að tillaga Ísófit var hagstæðari fyrir Ísafjarðarbæ, falla betur að vilja sveitarfélagsins um takmarkaða aðkomu, og auk þess til þess fallin að þjóna betur íbúum samfélagsins og hagsmunum sveitarfélagsins, með vísan til skoðunar á öllum ofangreindum athugunum. Hér var horft til aðstöðunnar sem fyrirhugað var að nota undir líkamsræktaraðstöðuna, fyrirhugaðar breytingar á húsnæðinu og kostnað við þær, auk þeirrar fjárhagslegu aðkomu sem óskað var eftir af hendi Ísafjarðarbæjar.

Samningur um styrk vegna reksturs Ísófit ehf. var lagður fyrir bæjarráð þann 24. ágúst 2020. Samningurinn var ekki samþykktur og bæjarstjóra var falið að afla frekari gagna. Málið var þá unnið frekar. Við vinnslu málsins kom fram að Ísófit ehf. hafði frá hugmyndum sínum fyr um sumarið fest kaup á húsnæði að Sindragötu 2 á Ísafirði. Umraett húsnæði, uppsetning þess og kostnaður vegna þess, fellur enn betur að hugmyndum Ísafjarðarbæjar um að hafa sem minnsta aðkomu að rekstri líkamsræktar og aðgengi íbúa almennt að þjónustunni. Húsnæðið er á jarðhæð með fjölda sala og herberga fyrir mismunandi þjónustu stöðvarinnar. Aðgengi er því auðveldara fyrir alla notendur þjónustunnar, og sérstaklega tryggt hjólastólaaðgengi. Skýrlega hefur verið upplýst um þá þjónustu sem Ísófit ehf. mun veita bæjarbúum, með ráðningu starfsmanna og þjálfara, hóptínum og annarri þjónustu. Jafnframt var óskað eftir rekstraráætlun frá félagini, en hún veitir upplýsingar um að ráðrúm er til að lækka styrk sveitarfélagsins til fyrirtækisins án þess að það hafi áhrif á fyrirliggjandi rekstraráætlanir þess. Var það því niðurstaða sveitarfélagsins að virtu heildarmati á báðum framkomnum tillögum að tillaga Ísófit félí betur að markmiðum og forsendum sveitarfélagsins fyrir veitingu rekstarstyrksins.

Í kjölfar þess var fyrrgreindur ósamþykktur samningur við Ísófit ehf. tekinn til endurskoðunar og lagður fram að nýju með breytti styrkfjárhæð, auk þess sem samningnum fylgja upplýsingar um veitta þjónustu félagsins til bæjarbúa. Í samningnum er gert ráð fyrir mánaðarlegum styrk til rekstursins auk láns á líkamsræktartækjum í eigu sveitarfélagsins, en aðkoma sveitarfélagsins yrði engin að öðru leyti, hvorki í formi breytinga á húsnæði í eigu Ísófit ehf. eða ábyrgða á rekstrinum.

Embættismenn bæjarins hafa unnið þetta mál af eins vel og unnt er og nálgast það fyrst og síðast með hagsmuni Ísafjarðarbæjar og hagsmuni íbúa bæjarins að leiðarljósi.

Ísafjarðarbær
Stjórnarsýsluhúsinu
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Ísafjörður, 20. ágúst 2020

Efni: Málsmeðferð við ákvarðanatöku um rekstur líkamsræktar á Ísafirði.

Að höfðu samráði við lögmann okkar, Björn Jónsson, óskum við undirrituð, Hörður Ingólfsson, Þór Harðarson og Baldvina Karen Gísladóttir, f.h. Þrúðheima ehf., eftir öllum gögnum máls er varðar ákvarðanatöku um rekstur líkamsræktar á Ísafirði.

Á heimasíðu Ísafjarðarbæjar birtist frétt hinn 18. ágúst sl. þar sem fram kemur að unnið sé að samningi Ísafjarðarbæjar við Ísófit ehf. um rekstur líkamsræktar á Ísafirði og að stefnt sé að því að samningurinn muni liggja fyrir til samþykktar á næsta fundi bæjarráðs.¹ Stefania Ásmundsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar, hefur jafnframt staðfest framangreint í símtali til undirritaðrar, Karenar Gísladóttur, hinn 17. ágúst sl. Af frétt Ísafjarðarbæjar má þannig ráða að þegar sé búið að taka ákvörðun í málinu á grundvelli fyrilliggjandi gagna.

Undirrituð hafa fengið veður af því að Ísófit ehf. hafi fengið að kynna sér gögn sem undirrituð lögðu fram til umfjöllunar bæjarráðs hinn 29. maí sl. og hafi með því móti staðið framar Þrúðheimar ehf. um að koma á framfæri sjónarmiðum sem kunni að hafa þýðingu fyrir niðurstöðu málsins. Ísófit ehf. hafi þannig getað borið sig saman við tillögur Þrúðheima og lagt fram hagstæðari tillögur en fyrir lágu af hálfu Þrúðheima. Sambærilegur réttur til aðgangs að gögnum sem lögð voru fram af hálfu Ísófit ehf. hafi aftur á móti ekki verið tryggður undirrituðum og Þrúðheimar ehf. þannig ekki getað borið sig saman við gagnaðila málsins.

Í tölvupótsamskiptum við bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, Birgi Gunnarsson, hinn 8. júní sl., sem áttu sér stað eftir að tillögum beggja aðila hafði verið skilað til bæjarráðs kom fram að ekki ætti að fara í nýbyggingu þar sem um skammtíma lausn væri að ræða vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Torfnesi. Tillaga undirritaðra snerist um að koma upp líkamsrækt að Sindragötu 10 og því má ætla að upphafleg tillaga Ísófit ehf. hafi lotið að nýbyggingu. Voru aðilar því beðnir um að skila aftur inn tillögum sem inniheldi upplýsingar um húsakost og aðkomu bæjarins ásamt kostnaðaráætlun vegna

¹ Sjá vefsíðu: <https://www.isafjordur.is/is/stjornsysla/frettir-og-utgafa/frettaafn/nyr-samningur-um-rekstur-liikamsraektar-i-vinnslu> (tekið af vef 19.08.2020).

standsetningar. Undirrituð skiluðu inn umbeðnum gögnum. Í framhaldi af því, n.t.t. daginn áður en taka átti fyrir tillögu undirritaðra í bæjarráði, hafði einn af talsmönnum Ísófit ehf. samband við undirritaða, Þór Harðarson, og sagði að félagið væri tilbúið til samstarfs við Þrúðheima ehf. enda hefði Ísófit ehf. ekki skilað inn breyttri tillögu í samræmi við beiðni bæjarstjóra. Í samtali aðila varð til hugmynd að samstarfi sem báðir aðilar voru á þeim tímapunkti tilbúnir að láta á reyna og var skjáskot þess efnis sent á bæjarstjóra hinn 22. júní sl. (sjá fskj. 1)

Hinn 16. júlí sl. kemur Stefanía Ásmundsdóttir á fund við undirritaðan, Þór Harðarson, og tilkynnir honum að ekki standi til að ganga að tillögu undirritaðra að Sindragötu 10 þar sem sú tillaga þætti of dýr kostur, því væri verið að vinna að því að rekstur líkamsræktar héldi áfram í Hafnarstræti 20 þar sem Þrúðheimar ehf. er í dag til húsa og fór þess á leit að samningi við félagið yrði framlengt um 1. mánuð á meðan verið væri að vinna útboðsgögn vegna reksturs líkamsræktarstöðvar á Ísafirði.

Hinn 22. júlí sl. barst undirrituðum svo tölvupóstur frá Stefaníu þar sem undirrituð voru beðin um að framlengja samning um rekstur líkamsræktarstöðvar um two mánuði þar sem lengri tíma þyrfti til að klára útboðsgögn vegna rekstursins samkvæmt innkaupastjóra bæjarins (sjá fskj. 2). Þá liggur enn fremur fyrir að bindandi kauptilboð barst í fasteignina að Hafnarstræti 20 og að tilvonandi kaupandi hefur lýst yfir vilja til þess að framkvæma allar nauðsynlegar endurbætur/viðgerðir á húsnæðinu til að það teljist viðunandi umfram það sem húsaleigulög kveða á um. Undirrituðum er því fyrirmunað að skilja hvernig sú niðurstaða sem virðist vera komin í málið á þessu stigi gat orðið að lokaniðurstöðu bæjarráðs þar sem undirrituð bíða jú enn eftir úlboðsgögnum til að geta lagt fram endanlegt tilboð í rekstur líkamsræktarstöðvar í bænum, enda er það sú stefna sem taka átti í málínu eftir þeim upplýsingum sem undirrituðum hafa verið gefnar af hálfu sveitarfélagsins. Þykir því skjóta skökku við að nú eigi að gera samning við Ísófit ehf. um rekstur líkamsræktar að Sindragötu 10 þar sem það var og er enn tillaga undirritaðra. Undirrituð hafa aldrei verið boðuð til áframhaldandi samtals vegna þeirrar tillögu heldur var hún slegin út af borðinu samkvæmt upplýsingum sem gefnar voru af Stefaníu Ásmundsdóttur á fundi hinn 16. júlí sl. án þess að Þrúðheimar ehf. hefði verið veitt færi á því að koma að sjónarmiðum sínum.

Með vísan til framangreinds telja undirrituð að við meðferð málsins hafi ekki verið gætt að ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993, þá einkum 10., 11., 13. og 15. gr. laganna.

Eins og fram kom í tillögu undirritaðra þá teljum við enn að farsælasta leiðin í þessu málí sé með tilkomu samlagsfélags milli Þrúðheima ehf. og Ísófit ehf. þar sem báðir aðilar, sem hagsmuna hafa að gæta, geti starfað undir einu þaki. Með því móti er að mati Þrúðheima ehf. tryggt að fagleg þekking nýtist hvað best notendum og sveitarfélagini til góða.

Undirrituð ítreka því, f.h. Þrúðheima ehf., beiðni um aðgang að öllum gögnum málsins svo undirrituð hafi tök á að kynna sér þau, taka afstöðu til þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum sínum og standa jafnfætis Ísófit ehf., við málsmeðferð um rekstur líkamsræktar á Ísafirði.

Virðingarfyllst,
f.h. Þrúðheima ehf.


Hörður Ingólfsson


Þór Hardarson
Þór Hardarson


Baldvina Karen Gísladóttir

Fskj. 1 – Skjáskot af samtali milli Ísófit ehf. og Þrúðheima ehf. dags. 20. ágúst
Fskj. 2 – Tölvupóstur, dags. 22. júlí, frá Stefanú til undirritaðra

From: [Stefanía Ásmundsdóttir](#)
To: Thor Hardarson; b.karen.gisladottir@gmail.com
Subject: Framhald af samning
Date: miðvikudagur, 22. júlí 2020 14:52:14
Attachments: [image004.png](#)

Sæll og takk fyrir samtalið í lok síðustu viku.

Eftir að hafa rætt við innkaupastjóra sem sér um útboð fyrir Ísafjarðarbæ ætlar hann að það taki allt að mánuð þegar útboð eru sett fram. Það þarf að gefa 14 daga í auglýsingu og síðan er kærufrestur í aðra 14 daga eftir að útboð hefur verið opnað. Einnig kom inn sumarfrí þannig að ekki er unnt að vinna málið eins hratt og vilji er fyrir. Er möguleiki á því að við gerum samning til 2 mánaða í staðinn fyrir 1 mánaða eins og ég ræddi við þig í síðustu viku?

Ég er að skrá mig út úr vinnu í dag en verð komin í fyrramálið aftur.

Kær kveðja

Stefanía H. Ásmundsdóttir

Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs

Ísafjarðarbær, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður

450 8000 - stefaniaas@isafjordur.is - www.isafjordur.is





karen gisladottir <b.karen.gisladottir@gmail.com>

FW: varðandi samstarf við ísófit ehf

1 message

Thor Hardarson <thor@thrudheimr.com>
To: karen gisladottir <b.karen.gisladottir@gmail.com>

Mon, Jun 22, 2020 at 10:06 AM

Sendi þetta núna rétt í þessu..

From: Thor Hardarson
Sent: mánudagur, 22. júní 2020 10:04
To: Birgir Gunnarsson <birgir@isafjordur.is>; danielj@isafjordur.is
Subject: varðandi samstarf við ísófit ehf

Þetta er hugsað sem frekari staðfesting á því sem ég sagði í lok fundar m.t.t samstarf við ísófit ehf.

Vona að ég hafi náð að koma því rétt til skila á fundinum.

Texti sem er í bláu „kössunum“ eru frá mér.

20/08/2020

Gmail - FW: varðandi samstarf við ísófit ehf

The screenshot shows a Gmail inbox with a single message from 'Anton Helgi Guðjónsson' to 'varðandi samstarf við ísófit ehf'. The message is dated 'SUN 21.4.20'. The subject is 'FW: varðandi samstarf við ísófit ehf'. The message content is as follows:

Eg ger ráð tyri því að hitta ykkur aftur á eftir, en til þess að einhver flötur fyrir samstarfi og traust gæti fanð að myndast væri eðilegt að þó hafið meðferðis þessar fyrir tillögur sem hafa verið sendar inn ásamt síðasta ársreikningi.

Og auðvitað væri það gagnkvæmt frá okkur

Sæll,
Var bara að koma heim og að sjá þetta núna. Held þú verðir bara að meta stöðuna eftir fundinn í fyrrmálið. Þú veist allavega okkar skoðun á samstarfinu og ef að því verður ekki, þá er stefna okkar sú að reka einnig likamsrækt.

Verðum í bandi.

myndið þá í versta falli vilja koma að skipulagi í húsnæðinu svo að þó getið haft bestu mögulegu aðstöðu innan þeim takmörkunum sem húsið og kostnaður leyfir? þó að það væni timabundin lausn?

leiðrétt/viðbót
myndið þó þá hafa á huga að í versta falli vilja koma að skipulagi í húsnæðinu svo að þó getið haft bestu mögulegu aðstöðu innan þeim takmörkunum sem húsið og kostnaður leyfir? þó að það væri timabundin lausn?

Ekki viss um að ég skilið nákvæmlega hvað þú meinar 😊

sameining er auðvitað óframkvæmanleg nema með gagnkvæmu upplýsingaflæði. Einnig er líklegt er að slík framkvæmd taki einhvern tíma, tímum sem hvorugt okkar hefur. Þess vegna spurði ég hvort þó höfðu þá á huga að koma að skipulagi / húsnæðis svo að þó getið haft bestu mögulegu aðstöðu innan þeim takmörkunum sem húsið og kostnaður leyfir, gegn hagstæðri leigu eða óðru framlagi þetta væri þá timabundin eða ótimabundin lausn.

Já tilbúin í það timabundið

Fyrsta skrefið í að sameina þetta er að setja þetta undir sama þak, í framhaldinu er hægt að skoða sameiningu

Fyrsta skrefið í að sameina þetta er að setja þetta undir sama þak, í framhaldinu er hægt að skoða sameiningu sammala þessa.

Kæra kveðjur / Best regards

Þór Harðarson / Thor Hardarson

þrúðheimar ehf

thor@thrudheimr.com

+354 7718030 / +354 4564022

Hliðarvegur 24/ Hafnarstræti 20

400 Ísafjörður

Ísland

Björn Jónsson hrl.

Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin við Faxafen)
 108 Reykjavík.
 s. 8448733. Tölvupóstfang: bjornjonsshrl@gmail.com

Ísafjarðarbær
 B.t. bæjarsjóra
 Stjórnsýsluhúsinu
 Hafnarstræti 1.
 400 Ísafirði

Reykjavík 24. sept.2020.

Til míni hafa leitað fyrirsvarsmenn Þrúðheima ehf., kt. 480218-0940, Tangagötu 17, Ísafirði, vegna þeirrar stjórnlvaldsákvörðunar að styrkja starfsemi líkamsræktarstöðvar á Ísafirði með samningsbundnum hætti og sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar 17. september sl. án þess, að því er virðist, að réttra málsmeðferðarreglna hafi verið gætt.

Umbjóðandi minn hefur beðið um öll gögn málsins sbr. bréf til bæjaryfirvalda 20. ágúst sl. Tilgangur þeirra beiðnar var og er augljóslega að kanna hvort afgreiðsla málsins um styrkveitingu, til reksturs í samkeppnisumhverfi, af hálfu bæjaryfirvalda hafi falið í sér réttarbrot gagnvart umbj. m. og þar með hugsanlegt fjártjón.

I.

Krafa um ashendingu gagna málsins byggist á 15. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 með síðari breytingum. Samkvæmt fyrirliggjandi opinberum gögnum sem hægt er að nálgast á "netinu" er það ekki vafa undirorpíð að umbj. m. er aðili máls þar sem hann var annar tveggja sem að mati bæjaryfirvalda sýndi áhuga á að starfrækja líkamsræktarstöð í bæjarféluginu skv. auglýsingu þar að lútandi. Val bæjaryfirvalda stóð milli hans og þess sem samningur var gerður við og naut styrkjar.

Samkvæmt, að minnsta kosti, hluta fyrirliggjandi gagna er samningurinn sem hér um rædir til 3ja ára með styrk frá bæjarféluginu sem nemur kr. 420.000,- á mánuði eða kr. 15.120.000,- á samningstímbilinu. Samkvæmt umræðum á bæjarstjórnarfundi 17. september sl. virðist það vera álit meirihluta bæjarstjórarinnar að það hafi verið í lagi að ganga til samninga án útboðs þar sem þessi fjárhæð sé undir þeim viðmiðunarmörkum sem kveður á um útboðsskyldu sbr. 23. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup sbr. og 2. gr. reglugerðar nr. 260/2020 um útboðsvef, viðmiðunarfjárhæðir ...o. fl., en ekki verður séð að Ísafjarðarbær hafi sett sér og að minsta kosti ekki enn auglýst sérstakar innkaupareglur, þó vitnað hafi verið til þeirra í téðum umræðum. Í framagreindum lögum og reglugerð er viðmiðunarfjárhæð kr. 15.500.000. Ef þjónustukaup fara umfram þá fjárhæð er útboðsskylda fyrir hendi.

Munar hér um heilar kr. 352,- per dag að þjónustu þessa hafi borið að bjóða út lögum samkvæmt. Það er að segja ef umræddur samningur er ekki málamýndagerningur, því aðrar fjárhæðir komu fram á umræddum bæjarstjórnarfundi eins og síðar verður rakið. Að þessu virtu verður ekki annað séð að ákvörðun bæjarsjórnar þann 17. þessa mánaðar beri mjög sterkan keim af lagasniðgöngu, sem er auðvitað ekki sæmandi opinberum aðila, ef rétt reynist.

II.

Þá verður að líta til þess að með ákvörðun sinni er bæjarstjórn að úthluta ákveðnum gæðum. Það er grundvillarregla sem meðal annars birtist í 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 að við úrlausn mála skuli stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Þá verður að telja, óháð reglum um viðmiðunarverð, að Ísafjarðarbær sé bundinn af þeim almennu reglum sem birtast í 15. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup að gæta **skuli jafnræðis**, meðalhófs og **gagnsæis** við opinber innkaup. Óheimilt sé að mismuna fyrirtækjum á grundvelli þjóðernis **eða takmarka samkeppni með óeðlilegum** hætti. Viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í innkaupaferli til að tryggja jafnræði.

Á grundvelli þessara reglna er það mat um þj. m. að verulega hafi skort á m.a. um gagnsæi og að komið hafi verið í veg fyrir eðlilega samkeppni.

III.

Eins og mólsmeðferð var hártað af hálfu bæjaryfirvalda er það mat um þj. m. að brotið hafi verið gegn samkeppnislögum. Í þessu sambandi vísar um þj. m. til álits samkeppnisráðs nr. 2/1977 sem hafa má til hliðsjónar, að breyttu breytanda, en þar kemur m.a. fram:

"Atvinnurekstur er hvers konar atvinnustarfsemi, óháð formi eignarhalds og án tillits til þeirrar vörur, þjónustu eða réttinda sem verslað eða sýslað er með gegn endurgjaldi, sbr. 4. gr. samkeppnisлага. Í 17. gr. samkeppnisлага er samkeppnisfyrvöldum veitt heimild til þess að griða til aðgerða gegn samningum, skilmálum, athöfnum og aðgerðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Með heimild í þessu ákvæði laganna geta samkeppnisfyrvöld í tilvikum eins og þeim er hér um ræðir gripið til aðgerða gagnvart athöfnum opinberra aðila að því marki sem þær kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni og að því tilskildu að sérlög hafi ekki að geyma sérstakar reglur um þær aðgerðir, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 24/1995. Í 6. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 er gerð grein fyrir helstu hlutverkum og verkefnum sveitarfélaga. Eru hlutverkin þar skilgreind mjög almennt. Í 2. mgr. 6. gr. laganna segir t.d. að sveitarfélög skuli vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma og hefur félagsmálaráðuneytið m.a. bent á það ákvæði í umfjöllun sinni um styrki sveitarfélaga til kaupa á greiðslumarki. Einnig segir í 3. mgr. 6. gr. að sveitarfélög geti tekið að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þeirra, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum. Önnur ákvæði laganna skilgreina síðan verkefnin nánar. Þannig er ljóst að samkvæmt sveitarstjórnarlögum hafa sveitarfélög almenna heimild til þess að sinna velferð íbúa sinna með ýmsum hætti. Við að sinna þeim verkefnum sínum sem ekki eru nákvæm fyrirmæli um í lögum eða stjórnavaldfyrirmælum ber sveitarfélögum að taka tillit til annarra laga og reglna er snerta viðkomandi verkefni. Má í því sambandi benda á hina almennu lögmætisreglu stjórnsýsluréttarins. Í þeiri grunnreglu felst að matskenndar ákvæðanir stjórnavalda verða að vera í samræmi við lög og eiga sér fullnægjandi stoð í þeim. Má því vera ljóst, á grundvelli lögmætisreglunnar og almennra lögskýringarsjónarmiða, að við framkvæmd þeirra verkefna sveitarfélaga sem byggjast á almennum ákvæðum 6. gr. sveitarstjórnarlaga verður sveitarfélag að hafa hliðsjón af ákvæðum samkeppnislagu." (Feitletrun B.J.)

IV.

Ljóst er að ákvörðun bæjarstjórnar eins og hún var framkvæmd um að veita einum styrk til að reka líkamsræktarstöð en hafna öðrum, flokkast undir það sem að stjórnsýslurétti er nefnd matskennd ákvörðun.

Almennt eru gerðar strangari kröfur til málsmeðferðar stjórvalda þegar þau taka matskenndar ákvarðanir. Það á ekki síst við þegar ákvörðunin er eins dauði en annars brauð, eins og í þessu máli.

Hér bar því sérstaklega að vanda til málsmeðferðar.

Eftir því sem fram kom í máli forseta bæjarstjórnar á fundi 17. þessa mánaðar virðist mjög hafa verið kastað til höndum við gagnaöflun og rannsókn málsins þannig að hægt væri að leggja mat á það á réttlátan, málefnalegen og gagnsæjan hátt.

Forseti bæjarstjórnar komst m.a.svo að orði varðandi málið. Það skal tekið fram að hér er um að ræða stikkorð, en lýsir málsmeðferðinni nokkuð glögg: "...Við tókum þessa ákvörðun saman í bæjarráði að bjóða þetta ekki út... Gögnin komu ekki svona inn ... þetta er svona ...þetta er svona... þetta er stigagöfin... þetta er stigagjöfin... heldur kom þetta í bútum... Það var ekki lagt fram á pappír. ...Þetta er mikill peningur 6 milljónir á ári..."

Eftir að hafa hlustað á ræðu forseta bæjarstjórnar vakna upp fjölmargar spurningar meðal annars: Var það ákveðið fyrirfram að bjóða þjónustuna ekki út þótt hún færi yfir viðmiðunarmörk ? Gögnin komu inn í bútum. Hvaða gögn? Voru það gögn sem bæjarráð aflaði? Það hlýtur að vera því rætt er um stigagjöf. Varla hafa umsækjendur sjálfir verið að gefa sér eða öðrum stig undir ferli málsins? Hvernig eiga borgarar að getað áttað sig á stjórnsýslu sem fer fram eingöngu skv. huglægu mati? Hvernig eiga þeir að átta sig á því að rétt sé að málum staðið? Hvernig ciga þeir að getað notið andmælaréttar þegar ákvarðanir hér að lútandi eru ósýnilegar? Þá kom það fram í ræðu forseta að Ísófit ehf. hafi lagt fram enn betra tilboð eftir að ákveðið var að ganga til samninga. Hvernig var það tilboð? Hafði það áhrif á loka niðurstöðu? **Þá er undirstrikað að forseti segir að styrkurinn nemi kr. 6 milljónum á ári. Það gera 18 milljónir á samningstímanum.** **Það er langt umfram viðmiðunarmörk skv. lögum nr. 120/ 2016.** Þessar upplýsingar eru ekki heldur í samræmi við samning þann sem staðfestur var. Er einhver annar samningur í gildi en sa sem lagður var fram til staðfetingar? Eðlilegt er að spurt sé.

Umbj. m. getur ekki séð annað en að rannsóknarregla stjórnsýslulaga sem fram kemur í 10. gr. laganna hafi verið stórlega sniðgengin.

V.

Í framangreindri ákvörðun, sem staðfest var 17. þessa mánaðar fólst, eðli málsins samkvæmt, að erindi umb.m. var hafnað. Umbj. m. fékk engar athugasemdir við tillögu þeirri sem hann lagði fram. Hann fékk ekki tækifæri til að skoða eða kynna sér, að því er virðist, hina huglægu og munnlegu stigagjöf sem bæjaryfirvöld virðast hafa beitt í máli þessu. Af þessu leiðir að andmælaréttur umbj.m. skv. 13. stjórnsýslulaga hefur verið fótum troðinn.

VI.

Auk þess að óska eftir gögnum málsins er óskað að upplýst verði hvaða hugmyndir það voru sem Ísafjarðarbær gekk út frá varðandi styrkveitinguna. Hvar voru þær auglýstar eða kynntar og hvort eða hvaða skilyrði voru sett til að aðilar gætu notið styrkjarins? Hvaða kröfur voru gerðar til húsnæðis og opnunartíma? Hvar voru slíkar kröfur kynntar eða auglýstar? Það verður að teljast frumskilyrði varðandi opinbera stjórnsýslu að borgararnir geti haft aðgang að gögnum máls og stefnu, en þurfi ekki að vera með ágiskanir um þokukenndar hugmyndir bæjaryfirvalda hér að lútandi. Sérstaklega á þetta við þegar um

veigamikil fjárhagsleg atriði er að tefla. Þetta á og sérstaklega við þegar úthlutað er gæðum úr opinberum sjóðum eins og í þessu tilfelli.

VII.

Að lokum telur umbj. m. að hann hafi haft réttmætar væntingar til þess að þjónusta sem hér um rædir færi í útboð. Sérstaklega á þetta við þegar horft er til tölvubréfs sem sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs sendi 22. júlí sl. Þar virðist ákvörðun hafa legið fyrir um opinbert útboð. Sú ákvörðun sem síðar virðist hafa verið tekin (um afturköllun útboðs) um aðra leið er því ólögmæt gagnvart umbj. m. og brýtur gegn meginreglum stjórnsýsluréttar um réttmætar væntingar.

Að öllu þessu virtu er ljóst að málið í hinum mestu ógöngum.

Rétt þykir að að hafa fyrirvara varðandi ofangreind sjónarmið, þar sem bæjaryfirvöld hafa enn ekki orðið við þeirri beiðni umbj. m. að fá öll gögn málsins. Umbj. m. hefur vissilega ákveðinn skilning á að það kunni að vera um margt erfitt þar sem gögnin sem úrslitum réði í máli þessu eru ekki til með skriflegum hætti heldur virðast búa í hugarheimi starfsmanna bæjaryfirvalda. Vissilega verður ekki hönd á slíku festandi en umbj. m. á ekki að bera hallan af slíku.

Úrræði þau sem til staðar eru fyrir umbj. m eru auðvitað þau að kæra meðferð máls þessa til æðra stjórnvalds og eftir atvikum að úrlausn þar fenginni er möguleiki á að kvarta til umboðsmanns Alþingis, ef svo ólíklega vildi til að slík kvörtun sengi ekki hljómgunn. Þá kemur til greina að kvarta yfir þessu máli til samkeppnisyfirvalda. Þá er dómstólaleiðin til staðar.

Áður en til slíkra aðgerða verður gripið vill umbj. m. gefa kost á því að öll gögn komi fram, sem er reyndar lögvarin krafa og eftir atvikum að um málið verði samið, þannig að úrslitin verði Ísafjarðarbæ ekki til meiri álitshnekkis og sem kostnaðarminnst.

Virðingarfyllst,

Björn Jónsson hrl.

Yfirlit yfir feril líkamsræktarmála á Ísafirði, á árinu 2020, með tilvísun til gagna

Bæjarráð 13. janúar 2020

Lagt fram minnisblað Stefaníu Helgu Ásmundsdóttur sviðstjóra skóla- og tómstundasviðs þar sem lagt er fram að gerður verði viðauki við nágildandi leigusamninga vegna Studio Dan ehf við Styx ehf um húsnæði og Þrúðheimar ehf um rekstur Studio Dan ehf.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar samþykkir að samningurinn verði framlengdur með viðauka til 31. júlí n.k. og felur bæjarstjóra jafnframt að óska eftir áhugasönum aðilum til reksturs líkamsræktarstöðvar á Ísafirði.

7. febrúar 2020

Auglýsing - Óskað eftir hugmyndum vegna reksturs líkamsræktar á Ísafirði

<https://www.isafjordur.is/is/moya/news/oskad-eftir-hugmyndum-vegna-reksturs-liikamsraektar-a-isafirdi>

Bæjarráð 10. feb. 2020

Stefanía Ásmundsdóttir sviðstjóri skóla- og tómstundasviðs fer yfir stöðu mála er varðar Stúdió Dan og líkamsrækt á Ísafirði.

Stefanía mætir til fundar og fer yfir stöðu í líkamsræktarmálum á Ísafirði.

Bæjarráð 24. feb. 2020

Stefanía Ásmundsdóttir sviðstjóri skóla- og tómstundasviðs fer yfir stöðu mála er varðar Stúdió Dan og líkamsrækt á Ísafirði.

Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs mætir til fundar til að fara yfir stöðu mála.

Bæjarráð 2. mars 2020

Stefanía Ásmundsdóttir, sviðstjóri skóla- og tómstundasviðs, fer yfir stöðu mála er varðar Stúdió Dan og líkamsrækt á Ísafirði.

Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs mætir til fundar og fer yfir stöðu mála.

28. apríl 2020

Auglýsing – Aftur óskað eftir hugmyndum vegna reksturs líkamsræktar á Ísafirði

<https://www.isafjordur.is/is/moya/news/aftur-oskad-eftir-hugmyndum-vegna-reksturs-liikamsraektar-a-isafirdi>

Bæjarráð 10. maí 2020

Kynntur tölvupóstur Andreu Gylfadóttur, Hebu Dísar Þrastardóttur og Ingibjargar Elínar Magnúsdóttur, f.h. Ísófit ehf., dags. 28. apríl 2020, þar sem óskað er eftir samstarfi og samráði við Ísafjarðarbæ starfsrækslu líkamsræktarstöðvar á Ísafirði.

Gestir kynntu hugmyndir sínar fyrir bæjarráði.

Bæjarráð hvatti bau til að skila formlega inn hugmyndum um samstarf við sveitarfélagið um starfsemi líkamsræktastöðvar.

Gestir: Ingibjörg Elín Magnúsdóttir, Andra Gylfadóttir, Anton Helgi Guðjónsson

Bæjarráð 18. maí 2020

Rekstraraðilar Stúdío Dan mæta til fundar við bæjarráð vegna starfrækslu líkamsræktar á Ísafirði.

Gestir kynntu hugmyndir sínar fyrir bæjarráði.

Bæjarráð hvetur Karen og Þór til að skila formlega inn hugmyndum um samstarf við sveitarfélagið um starfsemi líkamsræktastöðvar.

Gestir: Karen Gísladóttir, Þór Harðarson

Bæjarráð 25. maí 2020

Lagður fram tölvupóstur forsvarsáðila Ísófit ehf., dags. 19. maí 2020, ásamt tillögu Ísófit ehf. að rekstri líkamsræktarstöðvar á Ísafirði með aðkomu bæjaryfirvalda.

Lagt fram til kynningar.

Bæjarstjóra falið að vinna málið áfram.

Bæjarráð 2. júní 2020

Lagður fram tölvupóstur forsvarsáðila Stúdío Dan ehf., dags. 31. maí 2020, ásamt tillögu þeirra að rekstri líkamsræktarstöðvar á Ísafirði með aðkomu bæjaryfirvalda.

Lagt fram til kynningar.

8. júní 2020

Bæjarstjóri sendir tpóst á báða aðila og óskar betri hugmynda.

Bæjarráð 22. júní 2020

Lagður fram tölvupóstur og gögn frá Þór Harðarsyni, dags. 21. júní 2020, þar sem fram koma tillögur að líkamsrækt á Ísafirði.

Lagt fram til kynningar.

Bæjarstjóra falið að vinna málið áfram.

Gestur: Þór Harðarson, forsvarsmaður Stúdío Dan.

Bæjarráð 13. júlí 2020

Farið yfir stöðu mála varðandi líkamsræktarmál á Ísafirði og næstu skref.

Bæjarstjóra falið að vinna málið áfram.

Júlí 2020

Starfsmenn Ísafjarðarbæjar skoða aðstöðu í Sindragötu 11. Ræða við eiganda og smið á hans vegum um mögulegar breytingar og úrfærslur, og hvort húsið standi til boða til útleigu. Jafnframt hvaða rými aðilar hafa hugsað sér að nota og hvernig.

Bæjarráð 17. ágúst 2020

Lagt fram til kynningar minnisblað Stefaníu Helgu Ásmundsdóttur, sviðsstjóra íþrótt- og tómstundasviðs, dags. 14. ágúst 2020, varðandi líkamsræktarmál á Ísafirði.

Lagður fram til samþykktar styrktarsamningur Ísafjarðarbæjar við Ísófit ehf.

Minnisblað lagt fram til kynningar.

Samþykkt samnings frestað til næsta fundar.

Bæjarráð 24. ágúst 2020

Lagður fram til samþykktar samningur Ísafjarðarbæjar við Ísófit ehf. til þriggja ára.

Jafnframt lagt fram til kynningar bréf Þrúðheima ehf., ásamt fylgiskjölum, þar sem óskað er málsgagna um líkamsrækt á Ísafirði.

Samningur lagður fram og bæjarstjóra falið að afla frekari gagna.

Bréf Þrúðheima ehf. lagt fram til kynningar. Bæjarstjóra falið að svara erindinu.

Bæjarstjórn 3. september 2020

Mál sett á dagskrá að beiðni bæjarfulltrúa í-lista í samræmi við 4. tl. 1. mgr. 10. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Til máls tóku: Hafdís Gunnarsdóttir, forseti, Arna Lára Jónsdóttir, Birgir Gunnarsson, Daníel Jakobsson og Nanný Arna Guðmundsdóttir.

Arna Lára Jónsdóttir, bæjarfulltrúi Í-listans, lagði fram eftirfarandi bókun, f.h. Í-listans.

„Bæjarfulltrúar Í-listans beina þeim tilmælum til meiri hluta bæjarstjórnar að gæta þess að brjóta ekki gegn stjórnsýslulögum við ákvörðun um samning um líkamsræktaraðstöðu. Fram kemur í brefi Þrúðheima að þau telji að við meðferð málsins sé ekki gætt að 10., 11., 13. og 15. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Það þarf að fara vandlega ofan í saumana á því hvort sú fullyrðing standist og fylgja í hvívetna innkaupareglum Ísafjarðarbæjar áður en til ákvörðunar kemur.

Fulltrúi Í-listans í bæjarráði hefur þegar óskað eftir að fá afhentar þær tillögur sem bárust um líkamsræktaraðstöðu svo hægt sé að taka upplýsta ákvörðun með hag íbúa Ísafjarðarbæjar að leiðarljósi og að það sé tryggt að gætt sé að jafnræðisreglunni við meðferð málsins.“

Daníel Jakobsson, bæjarfulltrúi D-lista Sjálfstæðisflokkss, lagði fram eftirfarandi bókun:

„Vegna umfjöllunar sl. daga á samfélagsmiðlum og umræðu hér í bæjarstjórn um líkamsræktarmál.

Það má taka undir það að það hefur dregist að fá niðurstöðu í umrætt mál. Betra hefði verið að fá niðurstöðu í það miklu fyrr þannig að ekki hefði þurft að framlengja núverandi samninga eins og gert hefur verið.

Meirihlutinn áréttar að allar ákvarðanir og umræða um þetta mál hafa verið lögð fyrir bæjarráð og málid unnið í samvinnu allra framboða í bæjarstjórn og þeim gefin kostur á að gera athugasemdir við málsmeðferðina og haft áhrif á niðurstöðuna.

Það eina sem vakir fyrir okkur í þessari vegferð er að geta boðið bæjarbúum upp á betri líkamsræktaraðstöðu öllum bæjarbúum til hagsbóta. Sú tillaga sem nú hefur verið gengið til samninga um er talin best til þess fallin með hliðsjón af kostnaði og þeirri aðstöðu sem á að bjóða upp á.

Bæjarráð 7. september 2020

Lagður fram samningur við Ísólfit ehf., dags. 4. september 2020, um styrk vegna reksturs líkamsræktarstöðvar á Ísafirði, ásamt fylgiskjali.

Jafnframt lagt fram minnisblað Birgis Gunnarssonar, dags. 5. september 2020, varðandi líkamsræktarmál.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykka samning milli Ísafjarðarbæjar og Ísófit ehf. um styrk vegna reksturs líkamsræktarmiðstöðvar.

Bæjarstjórn 17. september 2020

Tillaga frá 1120. fundi bæjarráðs, sem fram fór 7. september 2020, um að bæjarstjórn samþykki samning milli Ísafjarðarbæjar og Ísófit ehf. um styrk vegna reksturs líkamsræktarmiðstöðvar.

Til málssóknar: Kristján Þór Kristjánsson, forseti, Arna Lára Jónsdóttir, Daníel Jakobsson, Þórir Guðmundsson, Birgir Gunnarsson, Hafdís Gunnarsdóttir, Marzellíus Sveinbjörnsson, Jónas Þór Birgisson, Sigurður J. Hreinsson og Kristján Andri Guðjónsson.

Arna Lára Jónsdóttir, bæjarfulltrúi Í-lista, leggur fram eftirfarandi bókun f.h. bæjarfulltrúa Í-lista:

„Það er margt athugunarvert við málsmeðferð og aðdraganda þessa samnings sem hér liggur til samþykktar. Stefnuleysið er varðar aðkomu og uppbyggingu líkamsræktaraðstöðu er upphafið af þessu stjórnsýsluklúðri.

Hér er tæpt á nokkrum atriðum.

Það er ekki búið að svara erindi frá Þrúðheimum frá 24.ágúst þar sem þau óska eftir gögnum málsins þar sem þau telja að margt sé ámælisvert við málsmeðferðina og ákvárdatöku. Hvers konar stjórnsýsla er það sem svarar ekki erindum frá íbúum sínum og samstarfsfélögum? Ásakanirnar hverfa ekki með þöggun heldur ýta þær undir enn meiri tortryggni.

Þrúðheimar, í samráði við sína lögfræðinga, telja að það liggi rökstuddur grunur um að ekki hafi verið gætt að stjórnsýslulögum nr.37/1993 við meðferð málsins og nefna sérstaklega ákvæði 10., 11., 13. og 15. gr. laganna. Fulltrúar Í-listans bókuðu vegna þessa á bæjarstjórnarfundi þann 3.september sl. í þeiri von að meirihlutinn og bæjarstjóri myndu svara erindinu og fara yfir þau atriði sem gerðar voru athugasemdir við. Það var ekki gert.

Þrúðheimar biða enn eftir svörum, þau hafa engar upplýsingar um hvenær eða hvernig þau eiga að skila af sér, þ.e. afhenda tækjakostinn og þar með loka dyrunum að sínu fyrirtæki. Í aðsendri grein Baldvinu Karenar Gísladóttur sem birtist á bb.is þann 12.sept sl. segir að þau hafi upplifað þögn, þöggun og almenna hunsun í samskiptum við bæinn og telja að vinnubrögðin séu ekki bodleg og fara fram á bærinn stundi vandaða stjórnsýsluhætti. Bæjarfulltrúar Í-listans taka undir þá réttmætu kröfu.

Það hefur almennt gengið nokkuð illa fá gögn og svör vegna málsins. Það á við bæjarfulltrúa Í-listans, Þrúðaheima og Ísófit. Bæjarstjóri/bæjarritari hafa haldið því fram að gögn varðandi hugmyndir Ísófit hafi verið send bæjarfulltrúum í tölvupósti, það er rangt. Bæjarfulltrúar Í-listans fengu ekki þau gögn fyrr en 10.september sl. eftir að hafa ítrekað óskað eftir þeim en þá var samningur við Ísófit búin að vera tvisvar til umræðu í bæjarráði.

Fyrir fund bæjarráðs þann 17. ágúst höfðu fulltrúar í-listans aðeins fengið að sjá fyrstu tillögur frá báðum aðilum sem var hafnað með tölvupósti frá bæjarstjóra þann 8. júní sl. Í þeim tillögum var aðeins annar aðili, Þrúðheimar, sem sendi inn fullmótaðar tillögur með kostnaðartölum þar sem m.a. koma fram kostnaður við aðkomu sveitarfélagsins við standsetningu húsnaðis, mánaðarlegur rekstrarstyrkur frá sveitarféluginu og á móti greiðsla rekstraraðila til sveitarfélagsins vegna leigu á tækjum í eigu sveitarfélagsins.

Hugmyndir Ísófit sem nú stendur til að semja við varðandi rekstur og tækjabúnað líkamsræktarstöð voru aðeins kynntar meiri hluta bæjarstjórnar eða fulltrúum þeirra á lokaðum fundum og svo í tölvupóstum til sviðstjóra og bæjarstjóra. Þar koma fram hugmyndir að húsnæði sem aðili getur hugsað sér að vera í til skamms tíma, hugmyndir að rekstrarstyrk og notkun tækja. Þessar hugmyndir voru aldrei lagðar fyrir bæjarráð né komu fulltrúar þess félags fyrir bæjarráð til að kynna sínar hugmyndir eftir að bæjarstjóri sendir út póst til beggja aðila þann 8. júní.

Samningur við Ísófit var lækkaður um 20.000 á milli funda og leiða má af því líkur af það hafi verið gert til að komast hjá því að þurfa að fara með verkið í útboð í samræmi við innkaupalegur sveitarfélagsins. Það er ámælisvert.

Í fyrilliggjandi samningi við Ísófit eru ekki gerðar neinar kröfur um opnunaríma, viðveru starfsmanna o.s.frv. Ætla forsvarsmenn bæjarins að leggja til 420 þúsund krónur á mánuði til næstu þriggja ára án þess að gera meiri kröfur til rekstraraðila? Almennur opnunartími, eins og það er orðað í samningnum biður upp á margskonar túlkánir. Er opið um helgar, verður opið frá kl. 6-22 eins og nú er gert?

Það kemur fram í þeim gögnum sem bæjarfulltrúar í-listans fengu send 10.sept. að það hefur líka gengið illa hjá Ísófit að fá svör frá forsvarsmönnum bæjarins og nefna þau í tölvupósti til bæjarstjóra þann 29.júní að þau hafi beðið eftir svörum í mánuð, og að tveimur erindum sem þau höfðu sent bænum hafi aldrei verið svarað!

Í minnisblaði sviðstjóra íþróttá og tómstundasviðs þann 11.ágúst sl.kemur fram að hugmyndir Ísófit falli betur að hugmyndum Ísafjarðarbæjar. Það er athyglisvert þar sem umræða um hverjar hugmyndir Ísafjarðarbæjar hefur ekki farið fram nema þá einhverjum lokaðum fundum án fulltrúa í-listans?

Algjört stefnuleysi hefur einkennt framkvæmd og gjörðir meirhlutans í þessum máli. Á rúnum mánuði hefur meirhlutinn eða formaður bæjarráðs skipt þrisvar um skoðun um hvernig þessum málum ætti að vera fyrirkomið. Einn bæjarráðsfundinn átti að framlengja í Hafnarstræti og byggja upp á Torfnesi, á þeim næsta átti að fara í útboð og á þriðja fundinum lá fyrir samningurinn við Ísófit.“

Hafdís Gunnarsdóttir, varافorseti, tekur við stjórn fundarins kl. 18.06 meðan Kristján Þór tók til máls. Kristján tók aftur við stjórn fundarins kl. 18.08.

Forseti ber tillöguna upp til atkvæða.

Tillagan samþykkt 5-3.

Kristján Andri Guðjónsson situr hjá við atkvæðagreiðslu.

